




Frá Brussel til Breiðdalshrepps

Hvað er á döfinni hjá EFTA og ESB?
Upplýsingar fyrir sveitarfélög

Febrúar 2012



Frá Brussel til Breiðdalshrepps
© Samband íslenskra sveitarfélaga 2012/4

Borgartúni 30
Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Texti: Guðrún Dögg Guðmundsdóttir o.fl.

Útgefið í febrúar 2012

1. Inngangur	3
Stiklur	3
2. Stefnumótun og stofnanauppbygging ESB.....	4
Starfsáætlun framkvæmdastjórnar ESB 2012	4
Fjárhagsáætlun ESB 2014-2020	5
Aukið eftirlit með fjárlögum aðildarríkja ESB.....	5
Evrópa2020-áætlunin.....	6
3. Innri markaðurinn og samkeppnismál.....	8
Endurskoðun regluverks um opinber innkaup.....	8
Rafræn innkaup.....	9
Sérleyfissamningar	9
Þjónusta í almannabágu.....	10
<i>Endurskoðun reglna um ríkisaðstoð.....</i>	<i>10</i>
Endurskoðun viðmiðunarreglna um svæðisbundna ríkisaðstoð.....	12
Endurskoðun reglna ESB um virðisaukaskatt.....	13
4. Umhverfis-, loftslags- og orkumál	13
Áætlun ESB um bættu nýtingu auðlinda	13
Orkustefna ESB.....	14
<i>Vegvísir um orkumál til 2050.....</i>	<i>14</i>
<i>Drög að nýrri tilskipun um orkunýtni kynnt.....</i>	<i>15</i>
<i>Stuðningur við sveitarfélög til að stuðla að orkusparnaði</i>	<i>15</i>
Samráð hafið um nýja tilskipun um bættu nýtingu vatns	16
Samráð um endurskoðun löggjafar um loftgæði	16
Úrgangsmál á döfinni hjá ESB	17
<i>Innleiðing rammatilskipunar um meðhöndlun úrgangs á Íslandi</i>	<i>17</i>
<i>Endurskoðun tilskipunar um raf- og rafeindatækjaúrgang.....</i>	<i>17</i>
5. Félags-, kjara- og starfsmannamál	18
Samráð við aðila vinnumarkaðarins (e. social dialogue).....	18
Aðilar vinnumarkaðarins hefja samninga um endurskoðun vinnutímatilskipunarinnar	19
Jafnrétti kynjanna.....	20
Endurskoðun tilskipunar um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi	20
Lífeyrismál	21
Evrópuár um virkni aldraðra og samstöðu kynslóðanna	21
Áætlun um aðlögun innflytjenda kynnt	21

6. Byggðastefna ESB.....	22
Endurskoðun Byggðastefnu ESB	22
<i>Þematísk markmið.....</i>	23
<i>Sameiginlegur stefnumótandi rammi.....</i>	23
<i>Samstarfssamningar.....</i>	24
<i>Strangari skilyrði fyrir stuðningi</i>	24
<i>Aukin notkun fjármögnunartækja</i>	24
<i>Heildstæð áætlanagerð og aðkoma svæða</i>	24
<i>Dregið úr skrifræði og rafræn stjórnsýsla.....</i>	25
<i>Skilgreining svæða.....</i>	25
<i>Byggðaðróunarsjóðurinn (ERDF).....</i>	25
<i>Aukin áhersla á svæðisbundna samheldni</i>	26
<i>Félagsmálasjóðurinn (ESF)</i>	26
<i>Fjármögnun samheldnistefnunnar</i>	28
Endurskoðun landbúnaðarstefnu ESB.....	28
7. Orðskýringar og skammstafanir	30
8. Gagnlegir tenglar	33

1. INNGANGUR

Í þessu riti er að finna yfirlit yfir helstu mál á döfinni hjá ESB í upphafi árs 2012 er snerta sveitarfélög. Upplýsingarnar hafa verið teknar saman af Brussel-skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga, í samráði við sérfræðinga sambandsins og samstarfsaðila í Brussel. Aftast eru skýringar á hlutverkum Evrópustofnana, sem minnst er á, skammstöfunum og sértækum heitum sem notuð eru yfir Evrópumál, svo og gagnlegir tenglar. Í rafrænni útgáfu skjalsins er einnig að finna fjölda tengla á skjöl og heimasíður þar sem nálgast má nánari upplýsingar um einstök mál. Athygli er einnig vakin á [fréttasíðu Brussel-skrifstofunnar](#) og póstlista.

STIKLUR

Undanfarna mánuði hefur kastljósið beinst að tilraunum ESB til að bregðast við efnahagsvandanum sem mörg ESB-ríki glíma við og hremmingum á evru-svæðinu. [Pólland gegndi formennsku ESB á síðari hluta árs](#) 2011 og helstu áherslur þeirra voru á sviði efnahagsmála. Í lok árs voru m.a. samþykktar [sex gerðir](#), sk. „six-pack“ sem ætlað er að tryggja að aðildarríki sýni aðhald og ábyrgð í ríkisrekstri og uppfylli skilyrði sambandsins í efnahagsmálum. Þá voru [fjárlög ESB fyrir 2012](#) samþykkt á tilskildum tíma í fyrsta sinn. Pólverjar beittu sér fyrir að styrkja stöðu ESB á sviði orkumála gangvart nágrannlöndunum í austri og gerður var fríverslunarsamningur við Úkraínu. Þeir beittu sér einnig fyrir stofnun „lýðræðissjóðs“ (e. European Endowment for Democracy) til að styðja lýðræðisþróun í kjölfar „Arabíska vorsins“ og atburðum í Hvíta-Rússlandi. Sjóðnum, sem ýtt verður úr vör árinu, er m.a. ætlað að styrkja fjölmiðla, félagasamtök og aðgerðasinna í þessum löndum. Þá var áhugverðum árangri náð á loftslagsráðstefnunni í Durban á formennskutíma Pólverja og Króatía undirritaði aðildarsamning sinn en gert er ráð fyrir að landið verði aðili að ESB 1. júlí 2013.

[Danmörk tók við formennsku ESB](#) 1. janúar en yfirskrift formennskutímabilsins er: *Ábyrg, kraftmikil, græn og örugg Evrópa*. Í vinnuáætlun sinni leggja Danir mikla áherslu á umhverfismál og ýmislegt er snertir sveitarfélögin er þar meðal forgangsmála, m.a.:

- Samþykkt langtímafjárhagsáætlunar ESB 2014-2020.
- Samþykkt endurskoðaðrar tilskipunar um raf- og rafeindatækjaúrgang.
- Samþykkt tilskipunar um orkunýtni.
- Samþykkt Sjöundu aðgerðaáætlunar ESB á sviði umhverfismála.
- Aðgerðir til að bæta orkustefnu og auðlindanýtingu í ESB.
- Nútímavæðing innkaupareglna ESB.

Drög að [langtímafjárhagsáætlun ESB](#) voru kynnt í júní sl. Áætlunin stýrir stefnumótun sambandsins 2014-2020 og inniheldur m.a. tillögur að framtíðarfyrirkomulagi byggðastefunnar og sameiginlegu landbúnaðarstefunnar.

Almennt skipa umhverfismál háan sess og aðgerðir til að auka orkunýtni eru mikið til umræðu ásamt nýrri löggjöf um úrgangsmál. Þá tókst samkomulag um endurskoðun tilskipunar um raf- og rafeindatækjaúrgang að loknum erfiðum samningaviðræðum í lok árs. Á sviði atvinnu- og félagsmála er endurskoðun vinnutímatilskipunarinnar enn hitamál, ásamt nýjum reglum um hvenær sé heimilt að veita ríkisaðstoð vegna almannabjónustu.

[Ráðgjafarnefnd EES](#) fundaði í nóvember og desember. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur áheyrnaraðild að nefndinni. Nefndin ályktaði m.a. um [aðkomu borgara að innri markaðnum](#) og hélt ráðstefnu um viðbrögð við efnahagskreppunni í samstarfi við Þingmannanefnd EFTA (sjá nánar hér að neðan og á [heimasíðu nefndarinnar](#)).

[Sveitarstjórnarvettvangur EFTA](#) hefur fest sig í sessi en fjórði fundur vettvangsins fór fram í Brussel 14. og 15. nóvember 2011. Vettvangurinn fundaði með þingmannanefnd EFTA og ráðgjafarnefnd EFTA og ályktaði um þjónustu í almannapágu og orkunýtni. Í ályktunum er lögð áhersla á sérstöðu íslenskra og norskra sveitarfélaga gagnvart ýmsum tillögum ESB að nýjum reglum á þessum sviðum. Ályktunum hefur verið komið á framfæri við stofnanir EFTA og ESB og viðkomandi ráðuneyti í Noregi og á Íslandi. Næsti fundur vettvangsins verður haldinn á Ísafirði í júní. Ályktanirnar og nánari upplýsingar er að finna á [heimasíðu vettvangsins](#).

Á næstu blaðsíðum er að finna ýmsar upplýsingar um helstu mál á döfinni hjá EES og ESB er snerta sveitarfélögin.

2. STEFNUMÓTUN OG STOFNANAUPPBYGGING ESB

STARFSÁÆTLUN FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ESB 2012

Í lok síðasta árs birti framkvæmdastjórn ESB [starfsáætlun](#) sína fyrir árið 2012. Áætlunin ber yfirskriftina *Nýtt upphaf fyrir Evrópu* en stærstu viðfangsefni hennar lúta að aðgerðum til að bregðast við kreppunni. Fjöldi tillagna hefur áður verið kynntur en nú er komið að því að ýta þeim úr vör á Evrópuvísu og innan aðildarríkjanna. Af markverðum viðfangsefnum á árinu má nefna:

- *Stöðugleiki og ábyrgð*: Aðgerðir sem miða að umbótum í efnahagsmálum, þar sem sérstök áhersla er lögð á breytta skattheimtu og að berjast gegn skattsvikum. Enda þótt skattamál séu fyrst og fremst á forræði aðildarríkjanna, þá geta aðgerðir á Evrópuvísu stuðlað að umbótum á þessu sviði. Til að koma í veg fyrir skattsvik mun framkvæmdastjórnin m.a. beita sér gegn sk. skattaparadísunum en einnig leggja til breytingar á vsk-skattkerfinu sem miða að því að tryggja stöðugleika og sjálfbærni fjármála hins opinberra, m.a. með því að koma í veg fyrir svik og minnka skriffinnsku fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, og yfir landamæri. Ýmis sveitarfélagasambönd hafa lýst áhyggjum af tillögum um aukna vsk-álagningu sem er talin geta haft neikvæð áhrif á sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga, sjá nánar hér að neðan.
- *Vöxtur og samstaða*: Áframhaldandi uppbygging innri markaðarins sem helsta drifkrafts vaxtar og atvinnusköpunar. Sérstök áhersla er lögð á vöxt hins rafræna innri markaðar og viðskipti yfir landamæri. Einnig stendur til að endurskoða leiðbeinandi reglur um svæðisbundna ríkisaðstoð og lífeyrismál, sjá nánar hér á eftir, og gripið verður til aðgerða til að draga úr skriffinnsku vegna flutnings fólks á milli landa. Sjálfbær vöxtur er í forgrunni og því eru aðgerðir á sviði umhverfismála og til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í brennidepli. Þá er nýrri tilskipun um orkunýtni bygginga ætlað að stuðla að sjálfbærum vexti en gert er ráð fyrir að á grundvelli hennar skapist þrjár milljónir nýrra starfa vegna vinnu við endurnýjun húsnæðis, ásamt því að dregið er úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- *„Snjallréttur“* (e. smart regulation): Aðgerðir til að draga úr skrifræði og einföldun og umbætur á lagasetningu. Þá verða umsagnarfrestir um tillögur framkvæmdastjórnarinnar lengdir úr tveimur í þrjá mánuði.

Margar tillögur í starfsáætluninni munu hafa áhrif á íslensk sveitarfélög. Í köflunum hér á eftir er gerð nánari grein fyrir þeim.

Drög að [langtíma fjárhagsáætlun ESB](#) voru kynnt um mitt síðasta ár. Áætlunin stýrir stefnumótun sambandsins 2014-2020 og felur m.a. í sér tillögur að framtíðarfyrrkomulagi byggðastefnunnar og sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar ásamt fjárhagsáætlun. Samningaviðræður standa nú yfir milli aðildarríkjanna í Ráðherraráðinu en gert er ráð fyrir að áætlunin verði samþykkt í formennskutíð Kypur sem hefst í haust og verður áætlunin í kjölfarið lögð fyrir Evrópuþingið til samþykkis.

Tillagan kveður á um sjö prósent hækkun frá núverandi fjárhagsáætlun ef taldar eru með skuldbindingar sem framkvæmdastjórnin leggur til utan hins hefðbundna fjárlagaramma. Tekjuhlíðin gerir ráð fyrir breytingu á afsláttarkerfi fyrir aðildargjöld ríkja, sem gæti falið í sér aukin framlög betur stæðra ríkja. Einnig eru lagðar til breytingar á sk. eigin tekjum, sem fela í sér upptöku ESB virðisaukaskatts og skatt á allar fjármunafærslur. Ekki eru lagðar til miklar breytingar á framlögum til tveggja stærstu útgjaldaliða sambandsins, landbúnaðar- og byggðastefnunnar en gert er ráð fyrir auknum framlögum til rannsókna og til uppbyggingar innviða.

Fjárhagsáætlunin byggir á Evrópu2020-áætluninni og hinum sk. umbótaáætlunum aðildarríkja (e. National Reform Programmes). Aukin áhersla er á endanlegan árangur (e. outcome) - í stað eftirlits með því að skrifinnnskukröfum sé fullnægt - , frekari hagræðingu, einföldun á stjórnsýslu og framkvæmdastjórnin leggur til að greiðslur úr sjóðunum til aðildarríkja verði skilyrtar við að þau hafi náð tilskildum efnahagslegum árangri. Lagt er til nýtt fyrrkomulag á byggðastefnu ESB sem felur í sér aukna samhæfingu og heildstæðari áætlanagerð, m.a. í formi eins sameiginlegs stefnumótandi ramma fyrir uppbyggingarsjóði sambandsins annars vegar og sérstaks ramma hins vegar fyrir rannsóknir og nýsköpun. Einnig er gert ráð fyrir að aðildarríki og ESB geri s.k. samstarfssamninga um hvernig fjármunum ESB verði varið; sérstaklega er kveðið á um aðkomu sveitarstjórnarstigsins og fleiri aðila að gerð þessara samninga.

Meðal þess sem einnig er lagt til í drögunum er stofnun nýs sjóðs, [Connecting Europe Facility](#), sem ætlað er að styðja fjárfestingar í innviðum, s.s. í samgöngum, orkumannvirkjum og upplýsingatækni. Þá hafa hælismál og fólksflutningar verið felld undir sameiginlegan sjóð og ný áætlun [Creative Europe](#), ætluð skapandi atvinnugreinum, mun leysa af hólmi menningaráætlunina. Sjá nánar hér að neðan.

Í [álit Evrópusamtök sveitarfélaga \(e. CEMR\)](#) á drögunum er meðal annars lögð áhersla á að tekið sé til athugunar að byggðasjóðir ESB eigi að tryggja félagslega, efnahagslega og svæðisbundna samheldni á öllum sviðum, ekki aðeins þeim sem falla undir Evrópu2020-áætlunina.

Vegna aðildarumsóknarinnar er mikilvægt að fylgjast vel með framgangi fjárhagsáætlunarinnar með tilliti til hagsmuna Íslands, ekki síst hvaða framlög eru áætluð til norðlægra strjálbýlla svæða.

AUKIÐ EFTIRLIT MEÐ FJÁRLÖGUM AÐILDARRÍKJA ESB

Kreppan hefur haft afar neikvæð áhrif á fjárhag allra Evrópuríkja. Í dag uppfylla aðeins fjögur af 27 ESB-ríkjum kröfur sambandsins um fjárlagahalla undir 3% of VðF og skuldir undir 60% af VðF. Til að bregðast við þessum vanda var hinn sk. „[six-pack](#)“ samþykktur en hann gekk í gildi í lok síðasta árs. Um er að ræða sex gerðir sem ætlað er að stuðla að efnahagslegum stöðugleika, trausti og koma í veg fyrir ríkisskuldakreppu í ESB í framtíðinni. Pakkinn samanstendur af fimm reglugerðum og einni tilskipun sem saman kveða á um aðgerðir, aukið eftirlit, ströng skilyrði og viðurlög sem ætlað er að koma í veg fyrir óhóflegan fjárlagahalla og ríkisskuldir á evrusvæðinu og í ESB.

EVROPA2020-ÁÆTLUNIN

Sem fyrr segir hefur efnahagslægdin haft alvarleg áhrif á ríkisfjármálin í ESB en halli á ríkisrekstri hefur margfaldast og skuldir aukist mikið. Kreppan leiddi í ljós að ESB þurfti að setja sér ný markmið og endurorgangsráða en brýnasta verkefnið er að koma Evrópu aftur á vegferð sjálfbærs hagvaxtar. Af þeim sökum hefur [Evrópa2020-áætluninni](#) verið hrint í framkvæmd.

Meginmarkmiðið er sjálfbærni og eru forgangsatriðin þrjú:

1. „Snallhagvöxtur“ (e. smart growth) sem grundvallast á þekkingu og nýsköpun.
2. Sjálfbær hagvöxtur (e. sustainable growth) sem hvetur til skilvirkari, umhverfisvænni og samkeppnishæfari hagkerfa.
3. Hagvöxtur fyrir alla (e. inclusive growth) með áherslu á hátt atvinnustig og félagslega og svæðisbundna samstöðu.



Um fimm mælanleg meginmarkmið er að ræða:

- a) 75% atvinnuhlutfall á aldursbilinu 20-64 ára.
- b) 3% fjárfesting í rannsóknum og þróun.
- c) 20% markmiðum í orku og loftslagsmálum verði náð, sem mun hafa í för með sér samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og aukinn hlut endurnýjanlegra orkugjafa sem og meiri orkuskilvirkni.
- d) Færri en 10% nemenda hætti í skóla og a.m.k. 40% af yngri kynslóðinni fái háskólagráðu.
- e) Þeim sem búa við fátækt fækki um 20 milljónir (25% færri en nú).

Sjö forgangsáætlanir (e. flagship initiatives) miða að því að ná fram ofangreindum markmiðum:

1. [Nýsköpunarsambandið](#) (e. Innovation Union) miðar að því að styrkja alla hlekki nýsköpunarkeðjunnar; skapa skilyrði til aukinna rannsókna- og þróunarverkefna og aukins aðgangs að fjármagni. Sérstök áhersla er á nýsköpun sem tengist baráttu gegn loftslagsbreytingum, auðlinda- og orkunýtni. Einnig á heilbrigðismál og á lýðfræðilega þróun. Í þessu felst að:

- Fullgera á evrópska rannsóknarsvæðið (e. European Research Area).
- Bæta á nýsköpunarumhverfið, t.d. með nýju evrópsku einkaleyfifyrirkomulagi, og því að þróa og styrkja tæki bandalagsins, s.s. uppbyggingarsjóði og dreifbýlissjóðinn, til að örva nýsköpun.

Aðildarríkin þurfa að endurskipuleggja nýsköpunarumhverfið, fjölga verkfræðingum og vísindamönnum og bæta kennslu í frumkvöðlastarfsemi og setja þekkingartengd útgjöld í forgang (sem geta verið skattalegir hvatar o.þ.h.).

2. [Ungt fólk á vinnumarkað](#) (e. Youth on the Move) miðar að því að styrkja háskóla og auðvelda aðgang ungs fólks að vinnumarkaði með áherslu á starfsþjálfun og starfsreynslu erlendis.

3. [Rafræn áætlun fyrir Evrópu](#) (e. Digital Agenda for Europe) snýr helst að háhraðanetstengingum. Allir eiga að fá aðgang að breiðbandi fyrir 2013 og a.m.k. 30 Mbps tengingu fyrir árið 2020 og a.m.k. 50% heimila eiga þá að vera með aðgang að yfir 100 Mbps. Bandalagið mun örva fjárfestingu í háhraðanetstengingu, liðka fyrir notkun á uppbyggingarsjóðunum fyrir þetta verkefni. Tryggja á raunverulegan og öruggan sameiginlegan innri stafrænan markað og efla á rafræna stjórnsýslu (sjá einnig 6. kafla).

4. [Skilvirk nýting auðlinda í Evrópu](#) (e. Resource-efficient Europe) miðar að því að bæta nýtingu auðlinda og auka hagvöxt, m.a. með því draga úr útblæstri, auka hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa, nútímavæða samgöngur og tryggja skilvirka nýtingu á orku í öllum greinum (sjá einnig 5. kafla).

5. [Iðnaðarstefna í hnattvæddu umhverfi](#) (e. An Industrial Policy for the Globalisation Era) miðar að því að styrkja samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja og er kröftunum beint sérstaklega að aukinni framleiðni. Ætlunin er að draga á úr skrifræði fyrir fyrirtæki og bæta starfsumhverfi þeirra almennt, þ.m.t. nýsköpunarumhverfið. Sérstaklega er minnst á ferðaþjónustu.

6. [Áætlun um nýja hæfni og ný störf](#) (e. An Agenda for New Skills and Jobs) miðar að því að bæta hreyfanleika vinnuafis og endurmenntun starfsfólks til að auka atvinnuþátttöku og stuðla að jafnvægi eftirspurnar og framboðs á vinnumarkaði.

7. [Evrópuvettvangur gegn fátækt og félagslegri einangrun](#) (e. European Platform against Poverty and Social Exclusion) miðar að því að berjast gegn fátækt, einkum til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og fátækt ungs fólks. Ferlið er árangursmiðað og er áhersla einkum lögð á eftirlit með árangri einstakra aðildarríkja.

Evrópa2020-áætlunin hefur verið gagnrýnd af ýmsum fyrir að vera ekki nógu metnaðarfull, t.d. að því er varðar markmið um orkunýtingu og fátækt. [Héraðanefnd ESB](#) kvartar yfir ónógu samráði við svæðin en einnig hafa hagsmunaaðilar bent á að þeir telji að aðildarríki þurfi meira aðhald til að ná markmiðum áætlunarinnar en framkvæmdastjórnina skortir lagaheimildir til að skikka þau til að fylgja áætluninni. Framkvæmdastjórnin telur áætlunina ekki hafa s.k. EES/EFTA-vægi. Þó er ljóst að t.d. tilskipanir, sem settar eru á grundvelli hennar og varða innri markaðinn, þarf að innleiða í íslensk lög og þær geta haft veruleg áhrif á íslensk sveitarfélög. Eins og nánar er gerð grein fyrir í kaflanum um byggðastefnu ESB þá mun áætlunin verða grundvöllur að nýrri byggðastefnu ESB 2014-2020. Hún er því eitt af því sem þarf skoða vel vegna aðildarumsóknar Íslands, og meta m.a. að hvaða leyti markmið hennar skipta máli fyrir Ísland.

3. INNRI MARKAÐURINN OG SAMKEPPNISMÁL

ENDURSKOÐUN REGLUVERKS UM OPINBER INNKAUP

Endurskoðun innkaupareglna ESB er ein tólf forgangsaðgerða sem settar eru fram í áætlun um [endurskoðun innri markaðarins](#) sem samþykkt var í fyrra. Opinber innkaup telja um 18% af vergri landsframleiðslu ESB en tilgangur regluverks um opinber innkaup er að tryggja jafnræði fyrirtækja á EES-svæðinu, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu. Núgildandi innkaupareglur, aðallega tilskipanir 2004/17/EB og 2004/18/EB, skylda opinbera aðila á EES-svæðinu til þess að bjóða út vöru- og þjónustukaup og framkvæmdir sem ná tiltekinni lágmarksupphæð og kveða á um hvernig standa ber að útboðum, samningsgerð o.fl. Hafa verður í huga að á Íslandi eru verkefni sveitarfélaga sjaldnast nægjanlega stór til þess að þau veki áhuga þjónustuaðila í öðrum löndum. Á hinn bóginn hefur komið fram greinileg tilhneiging við innleiðingu EES-gerða hér á landi að ganga lengra en texti tilskipana gerir ráð fyrir hvað varðar opinber innkaup. Við þá endurskoðun laga um opinber innkaup sem nú stendur yfir hér á landi er einmitt mikið rætt hvort hægt sé að einfalda lagaumhverfið vegna innkaupa sem eru undir EES-viðmiðunarfjárhæðum. Þau sjónarmið heyrast þó einnig í þeirri vinnu, m.a. frá fulltrúum Samtaka iðnaðarins, að setja þurfi strangari reglur um innkaup sveitarfélaga og m.a. hafa komið fram tillögur um að öll innkaup sveitarfélaga lúti lögsögu kærunefndar útboðsmála. Þessum sjónarmiðum hafa fulltrúar sveitarfélaga andmælt en niðurstaða liggur ekki fyrir.

Í lok síðast árs kynnti framkvæmdastjórnin [drög að endurskoðuðum innkaupareglum](#) sem ætlað er að einfalda kerfið og gera það sveigjanlegra. Framkvæmdastjórnin leggur m.a. til:

- að auka svigrúm opinberra aðila til að gera samninga um kaup á vörum og þjónustu sem henta þörfum þeirra á besta verðinu;
- aukna notkun rafrænna innkaupa – og almenna notkun í framtíðinni – sem grundvallarforsendu til einföldunar útboðsferla;
- að dregið verði umtalsvert úr skrifræðiskröfum, til mikillar einföldunar fyrir atvinnulífið og ákvæði til að auka aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að opinberum innkaupasamningum;
- ákvæði sem miða að því að bæta verklag og koma í veg fyrir spillingu, hagsmunárekstra o.þ.u.l.;
- að sett verði á fót sérstakt stjórnvald í hverju landi sem hafi með höndum eftirlit og framkvæmd til að tryggja að reglum um opinber innkaup sé fylgt í reynd. Þessi hugmynd hefur einnig verið viðruð í tengslum við endurskoðun innkaupareglna á Íslandi.

Þá er ætlunin að greiða fyrir „samfélagslega ábyrgri innkaupastefnu“ þ.e. að aukið tillit sé tekið til félags- og umhverfismála í innkaupum; og hugað sé að nýta opinber innkaup, þegar það er mögulegt, sem verkfæri til að stuðla að umhverfivernd og bæta hag samfélagshópa sem eiga undir högg að sækja. Almennt er markmið endurskoðunarinnar að tryggja gagnsæi, jafnt aðgengi og aukna samkeppni um opinberra samninga en einnig er lögð mikil áhersla á þátt innkaupastefnu í að ná markmiðum [Evrópu2020-áætlunarinnar](#). Evrópusamtök sveitarfélaga tóku [þátt í samráðsferlinu](#) sem var undanfari tillagnanna.

Endurskoðaðar innkaupareglur eru nú til umræðu hjá Ráðherraráðinu og í Evrópuþinginu en gert er ráð fyrir að löggjöfin verði samþykkt fyrir árslok.

Evrópulöggjöf um opinber innkaup er tekin upp í íslensk lög á grundvelli EES-samningsins. Íslensk og norsk sveitarfélög hafa sérstakra hagsmuna að gæta vegna evrópskra innkaupareglna vegna fjölda fámennra og strjálbýlla sveitarfélaga, sem búa sum við erfiðar samgöngur. Því var endurskoðun innkaupareglna til umræðu á þriðja fundi sveitarstjórnarvettvangs EFTA og samþykkt ályktun þar að lútandi. Sjá nánari umfjöllun um efnið í skýrslu Brussel-skrifstofu, fyrri hluti 2011. Evrópsk sveitarfélög og héruð hafa gagnrýnt evrópskar innkaupareglur fyrir að vera of ósveigjanlegar og fela í sér of mikla og dýra skrifinnsku. Þau telja mörg hver að ekki sé nógu langt gengið í tillögum framkvæmdastjórnarinnar. Danska sveitarfélagasambandið hefur lagt áherslu á að danska ríkisstjórnin beit sér fyrir umbótum á löggjöfinni í formennskutíð sinni.

RAFRÆN INNKAUP

Framkvæmdastjórnin telur mikla möguleika felast í rafrænum innkaupum, m.a. til þess að spara, auka skilvirkni, bæta stjórnsýslu og styrkja markaðinn fyrir samninga hins opinbera. Í kjölfar [Niðurstöður samráðs](#) um [grænbók um aukin rafræn innkaup](#) hefur framkvæmdastjórnin kynnt ýmsar aðgerðir sem miða að því að auka rafræn innkaup á EES-svæðinu. Meðal þess sem liggur fyrir:

- [stofnun sérfræðingateymis](#) til að fjalla um rafræn útboð. Teymið mun gera tillögur að sam-evrópsku útboðskerfi fyrir árslok 2012;
- framkvæmdastjórnin mun hefja [rannsókn á rafrænum innkaupum](#) í aðildarríkjum með það að markmiði að greina og kynna góða starfshætti;
- niðurstöður samráðsferlisins um grænbókina verða greindar ítarlega en samráðið leiddi m.a. í ljós almennan stuðning við tillögur framkvæmdastjórnarinnar um að gera rafræn innkaup skyldubundin í ESB.

Markmið tillagna framkvæmdastjórnarinnar er að stuðla að því að rafræn innkaup verði almenn og gera birgjum kleift að taka þátt í útboðum á innri markaðnum öllum. Ljóst er að rafræn innkaup bjóða upp á mikla hagræðingarmöguleika, ekki aðeins með því að draga úr pappírsfargani heldur geta þau hraðað og einfaldað innkaupaferla, til hagsbóta fyrir kaupendur, birgja og skattgreiðendur. Deutsche Bank áætlað að 50-70 milljarðar evra geti sparast með því að gera opinber innkaup í ESB alfarið rafræn.

Vert er að vekja athygli á [PEPPOL-verkefninu \(Public e-Procurement On Line\)](#), tilraunaverkefni sem ætlað er að stuðla að auknum rafrænum innkaupum milli ríkja á EES-svæðinu. Íslensk sveitarfélög geta tekið þátt í verkefninu. Öll Norðurlöndin fyrir utan Ísland eru aðilar að verkefninu.

SÉRLEYFISSAMNINGAR

Framkvæmdastjórnin birti í desember [drög að nýrri tilskipun](#) um s.k. sérleyfissamninga (e. public concessions) en í þeim felst að einkaaðili fær sérleyfi eða einkaleyfi til framkvæmda eða til að reka ákveðna þjónustu á ákveðnu svæði í tiltekinn árafjöld. Oftast er um þjónustu eða verk að ræða sem krefst umtalsverðar þróunar og nýsköpunar og/eða mikillar fjárfestingar, s.s. bygging og rekstur flugvalla eða vatnsveitna. Drögin eru kynnt samhliða endurskoðun á innkaupareglum ESB og eru hluti nútímavæðingar þess regluverks. Sjá kaflana hér að ofan.

Framkvæmdastjórnin telur óskýrt og takmarkað regluverk um sérleyfissamninga raska samkeppni á innri markaðnum og takmarka tækifæri evrópskra fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja á þessu sviði. Skortur á réttaröryggi leiði einnig til óhagkvæmni. Tilgangur hinnar nýju tilskipunar er að skýra regluverk um sérleyfissamninga til hagsbóta fyrir opinbera aðila og atvinnulífið. Lögunum er

ekki ætlað að skerða frelsi opinberra aðila til að framkvæma almannaðjónustuverkefni sem falla undir valdsvið þeirra „innan húss“, heldur er ætlunin að tryggja virkan aðgang fyrirtækja á EES-svæðinu þegar utanaðkomandi aðilar eru fengnir til að framkvæma slík verkefni. Nú þegar fjöldi ESB-ríkja glímir við fjárhagsvanddræði þá er brýnt að tryggja sem besta nýtingu opinbers fjár; framkvæmdastjórnin telur að gott regluverk um sérleyfissamninga ýti undir fjárfestingar opinberra- og einkaaðila í grunngerð og með því sé stuðlað að aukinni hagkvæmni.

Evrópusamtök sveitarfélaga telja ekki þörf á nýjum reglum um sérleyfissamninga og Evrópuþingið er á sama máli. Samtök sveitarfélaga í Austurríki og Þýskalandi telja að tilskipunin brjóti gegn dreifræðisreglunni og hyggjast beita sér fyrir því að þjóðþing þeirra nýti sér heimild sem kveðið er á um í Lissabonsáttmálum til að óska eftir endurskoðun á frumvarpinu.

Þessar þreifingar snerta íslensk sveitarfélög ekki mikið þar sem sjaldgæft er að íslensk sveitarfélög geri sérleyfissamninga. Þó má nefna að Spölur ehf. byggði og rekur Hvalfjarðargöngin á grundvelli sérleyfissamnings.

ÞJÓNUSTA Í ALMANNAÞÁGU

Þjónusta í almannaðágu (e. service of general interest, SGI) er sú þjónusta sem hið opinbera veitir borgurum sínum til þess að uppfylla grunnþarfir þeirra. Þjónustan er veitt annað hvort beint eða í gegnum einkageirann og er frábrugðin annarri þjónustu að því leyti að hún er talin hafa svo mikla grundvallarþýðingu fyrir almenning að stjórnvöld hafa ákveðnar skyldur til að veita hana. Til almannaðjónustu teljast t.d. vatnsveita, orkuveita, fjarskiptaþjónusta, samgöngur, heilbrigðis- og félagsþjónusta, menntun og pósthjónusta. Þjónusta í almannaðágu greinist annars vegar í þjónustu, sem ekki eru talin rök fyrir að reka á samkeppnismarkaði vegna eðlis þjónustunnar og rekstrarumhverfis, og hins vegar þjónustu sem hægt er að reka á samkeppnismarkaði (e. service of general economic interest, SGEI). Það er breytilegt eftir löndum, aðstæðum og pólitískum áherslum hvaða þjónusta er talin hafa almenna efnahagslega þýðingu (SGEI) og hvaða þjónusta telst hrein almannaðjónusta (SGI) sem evrópsk löggjöf um innri markaðinn á ekki við um. Um 26% af vergri landsframleiðslu ESB telst til almannaðjónustu, auk 30% starfa í aðildarríkjum.

Ýmsar upplýsingar um rétta beitingu reglna um ríkisaðstoð og opinber innkaup í tengslum við fyrirkomulag og fjármögnun félagsþjónustu í almannaðágu er finna í [leiðarvísi](#) framkvæmdastjórnarinnar en einnig má leita til sérstakrar [upplýsingaveitu](#) ESB sem svarar fyrirspurnum um Evrópurétt á sviði almannaðjónustu.

Það er mjög mikilvægt fyrir sveitarfélög og héruð í Evrópu að standa vörð um rétt sinn til að hafa fullt forræði yfir því á hvern hátt þau kjósa að reka almannaðjónustu sína og takmarka afskipti ESB af því, svo sem þegar sveitarfélög kjósa að hafa samstarf um veitingu þjónustu.

ENDURSKOÐUN REGLNA UM RÍKISAÐSTOÐ VEGNA ALMANNAÞJÓNUSTU SEM HEFUR EFNAHAGSLEGA ÞÝÐINGU

Evrópureglur um ríkisaðstoð vegna almannaðjónustu (e. state aid) ná bæði til stuðnings ríkis og sveitarfélaga. Tilgangur þeirra er að koma í veg fyrir röskun á samkeppnissstöðu fyrirtækja. Í nágrannalöndum okkar er nokkuð algengt að upp komi álitamál um hvort sveitarfélög hafi brotið reglur um ríkisaðstoð, sem ætti e.t.v. frekar að kalla reglur um opinbera aðstoð. Þessi mál hafa t.d. komið upp þegar sveitarfélög eru að markaðsvæða þjónustu sína, s.s. að breyta rekstri yfir í hlutfélagaform og þá hafa komið upp álitamál um hvort söluverð endurspegli markaðsverð. Hér á

landi hafa hins vegar fá mál komið upp. Minna má þó á að ágreiningsefni Hafnarfjarðarhafnar og Reykjavíkurhafnar sem var vísað til Eftirlitsstofnunar EFTA fyrir nokkrum árum.

Framkvæmdastjórnin birti í mars [orðsendingu](#) og [skýrslu](#) um endurskoðun reglna um ríkisaðstoð vegna þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Í kjölfar umfangsmikils samráðs kynnti framkvæmdastjórnin í desember nýjan „[pakka](#)“ um ríkisaðstoð vegna almannaðjónustu sem hefur efnahagslega þýðingu. Pakkinn mun leysa hinn sk. Monti-Kroes-pakka af hólmi. Nýi pakkinn samanstendur af [tveimur orðsendingum](#), [ákvörðun](#) og [lagafrumvarpi](#) sem miða m.a. að því að skýra gildandi reglur um ríkisaðstoð og einfalda reglur um tiltekna tegundir smærri almannaðjónustuverkefna sem hafa takmörkuð áhrif á viðskipti milli aðildarríkja og tiltekna gerðir grunnþjónustu. Markmiðið er m. a. að skrifræðiskröfur séu í réttu hlutfalli við möguleg áhrif ríkisaðstoðar á samkeppni á innri markaðinum. Öll félagsleg þjónusta verður nú undanþegin tilkynningaskyldu til framkvæmdastjórnarinnar, óháð upphæð ríkisaðstoðar. Þjónusta sem fellur þar undir verður m.a. að vera ætluð til að „uppfylla félagslega þörf á sviði heilbrigðis- og umönnunarþjónustu, þ. á m. umönnun barna, varða aðgang að vinnumarkaði, félagslegu húsnæði og umönnun og félagslegra þátttöku samfélagshópa sem eiga undir högg að sækja.“ Önnur þjónusta sem fær ríkistyrki undir 15 milljörðum evra á ári (áður 30) er einnig undanþegin tilkynningaskyldu en betur verður fylgst með verkefnum sem hljóta ríkisstyrki yfir þessu marki. Framkvæmdastjórnin leggur einnig til ný viðmið um minniháttaraðstoð („*de minimis*“), þ.e. að stuðningur að upphæð allt að 500.000 evrur á þriggja ára tímabili teljist ekki til ríkisaðstoðar, en gert er ráð fyrir samþykkt nýrrar reglugerðar um efnið á vormánuðum 2012, að undangengu hefðbundnu umsagnarferli. Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar tóku hins vegar gildi í janúar.

Evrópulöggjöf er snertir þjónustu í almannabágu er tekin upp í íslenska löggjöf á grundvelli EES-samningsins. Af þeim sökum ályktaði sveitarstjórnarvettvangur EFTA um endurskoðun reglna ESB um ríkisaðstoð á fundi sínum í nóvember. Í ályktuninni er tekið undir viðleitni ESB til að einfalda regluverk og minnka stjórnsýslubyrðar en áhersla lögð á sjálfsstjórn sveitarfélaga og mikilvægi þess að þau hafi forræði á því hvernig þessi þjónusta er rekin. Ennfremur er vakin athygli á sérstöðu íslenskra og norskra sveitarfélaga m.a. vegna fámennis, landfræðilegrar staðsetningar og erfiðra samgangna. Þá áréttar vettvangurinn að það sé ekki hlutverk ESB að skilgreina hvað telst til SGEI annars vegar og SGI hins vegar; það eigi að vera á færi stjórnvalda í hverju landi. Vettvangurinn leggur áherslu á mikilvægi samstarfs sveitarfélaga og lýsir áhyggjum af drögum að nýjum reglum um lágmarksfjölda íbúa sem viðmiði um hvort ríkisaðstoðarreglur eigi við. Evrópusamtök sveitarfélaga lýstu viðlíka áhyggjum í [umsögn](#) sinni um tillögurnar.

Framkvæmdastjórnin áréttar að það verður áfram á forræði ríkja að skilgreina hvað telst til SGEI annars vegar og SGI hins vegar og að endurskoðunin muni ekki leiða til þess að reglur um opinber innkaup hafi óhófleg áhrif á hvernig stjórnvöld haga almannaðjónustu sinni. Nýi pakkinn muni skýra hvenær samstarf opinberra aðila sé undanþegið innkaupareglum og hann sé í samræmi við niðurstöðu Evrópudómstólsins í Altmark-málinu, en í dómnum voru sett fram fjögur skilyrði sem þarf að uppfylla til þess að stuðningur teljist ekki til ríkisaðstoðar. Þá er hvatt til þess að viðmiðum um „hagstæðasta boð“ (e. most advantageous tender) sé beitt í stað lægsta verðs. Umsagnarferlið í byrjun árs leiddi í ljós umtalsverða andstöðu við fyrri tillögur framkvæmdastjórnarinnar um lágmarksfjölda íbúa sem viðmið til að meta hvort ríkisaðstoðarreglur eigi við og því hefur verið horfið frá því.

Héraðanefndin birti [fyrsta álit](#) sitt á tillögunum í júní í fyrra en [uppfært álit](#) var svo birt í október. Þar er lýst ánægju með að sjónarmið sveitarstjórnarstigsins hafi verið tekin til greina en þó sé enn nokkuð í land að því er varðar almannabjónustu og undanþágur. Til dæmis sé það jákvætt að *de minimis* viðmiðið verði hækkað í 500.000 evrur á þriggja ára tímabili en það sé þó enn töluvert lægra en 800.000 markið sem Héraðanefndin hefur kallað eftir. Þá telur Héraðanefndin hinum nýja pakka til vansa að enda þótt ríkisaðstoðarreglur um almannabjónustu séu skýrðar þá eigi ennþá eftir að bregðast við nýjum ákvæðum Lissabonsáttmálans, sem leggja áherslu á mikilvægi almannabjónustu sem hefur efnahagsleg þýðingu; þ.e. hvernig megi tryggja gæði þjónustunnar og standa vörð um heimildir sveitarfélaga og héraða til að reka sjálf slíka þjónustu. Evrópuþingið hefur einnig [ályktað](#) um endurskoðun reglna um ríkisaðstoð vegna almannabjónustu sem hefur efnahagslega þýðingu þar sem tekið er í sama streng.

Tillögur framkvæmdastjórnarinnar um nýjar reglur verða til umræðu á Evrópuþinginu og í ráðherraráðinu en gert er ráð fyrir að þær verði samþykktar í lok árs og að aðildarríkjum verði skylt að innleiða þær fyrir júnílok 2014.

ENDURSKOÐUN VIÐMIÐUNARREGLNA UM SVÆÐISBUNDNA RÍKISAÐSTOÐ

Meginreglan er sú að ríkisaðstoð er bönnuð á EES-svæðinu. Í Evrópurétti er ekki að finna formlega skilgreiningu á hugtakinu *ríkisaðstoð* en almennt hefur það verið talið ná yfir alla aðstoð sem: *veitt er af fjármunum hins opinbera, þ.e. ríki eða sveitarfélögum; og er til þess fallin að raska samkeppni; ívilnar ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara og hefur áhrif á viðskipti samningsaðila*. Dæmi um ríkisaðstoð er t.d. byggðaaðstoð, aðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna, aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, aðstoð til skipasmíðaiðnaðar og aðstoð við lokun fyrirtækja. Aðstoðin getur verið á ýmsa vegu, t.d. í formi beinna fjárstyrkja, hagstæðra lána, ríkisábyrgða, skattaívilnana, skuldalækkunar, niðurfellingar opinberra gjalda og sölu opinberra eigna á undirverði. Það hvort um ríkisaðstoð er að ræða er metið hverju sinni.

Í EES-samningnum er mælt er fyrir um ýmsar undanþágur, m.a. varðandi sk. svæðisbundna ríkisaðstoð sem ætlað er að efla hagþróun á svæðum sem eiga undir högg að sækja. Slík aðstoð getur t.d. verið í formi fjárfestingastyrkja og starfsstyrkja til fyrirtækja í samræmi við heildstæða byggðastefnu ríkisins. Meginreglan er sú að ríkisaðstoðarhæf svæði mega ekki telja meira en 50% af íbúafjölda ESB. Svokölluð byggðakort marka þau svæði þar sem veita má svæðisbundna ríkisaðstoð. Vanþróaðri svæði, ystu svæði og strjálbýl svæði hafa forgang. Íslandi er heimilt að veita ríkisaðstoð til fjárfestinga og atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni á grundvelli sk. [viðmiðunarreglna um svæðisbundna ríkisaðstoð](#). Í reglunum er að finna undantekningar, meginreglur og viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á því hvort um tilkynningaskylda svæðisbundna ríkisaðstoð er að ræða. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) birtir samsvarandi leiðbeinandi reglur sem eru að mestu samhljóða ESB reglunum. Samkvæmt gildandi byggðakorti fyrir Ísland er allt landið fyrir utan höfuðborgarsvæðið ríkisaðstoðarhæft svæði.

Framkvæmdastjórnin hóf á árinu endurskoðun [viðmiðunarreglna um svæðisbundna ríkisaðstoð](#) fyrir næsta fjárhagstímabil byggðastefnu ESB sem hefst árið 2014. Markmiðið er m.a. að tryggja að svæðisbundin ríkisaðstoð sé veitt til þeirra svæða þar sem þörfin er mest, að aðstoðin sé sem áhrifaríkust og styðji byggðaðróun á sem bestan hátt. Í byrjun árs fundaði framkvæmdastjórnin með fulltrúum aðildarríkja ESB og EFTA-ríkjunum til að fjalla um endurskoðunina og kallað hefur verið eftir umsögnum. Ætlunin er að samþykkja endurskoðaðar reglur í lok árs. Það er afar mikilvægt fyrir Ísland að vera vel á verði gagnvart endurskoðun reglnanna og tryggja sem best möguleika sína til að geta

veitt byggðastuðning á þeim svæðum sem íslensk stjórnvöld telja nauðsynlegt að veita stuðning. Þetta er líka mikilvægt mál vegna aðildarumsóknarinnar og tengist framtíðarskiptingu landsins í NUTS svæði sem eru hagtölusvæði ESB sem byggðastyrkir ESB taka mið af.

ENDURSKOÐUN REGLNA ESB UM VIRÐISAUKASKATT

Framkvæmdastjórnin birti í desember 2011 [orðsendingu](#) um framtíðarfyrirkomulag virðisaukaskattheimtu í ESB. Gildandi kerfi hefur verið nokkuð gagnrýnt en framkvæmdastjórnin telur þörf á breytingum, m.a til að samræma kerfið á innri markaðinum, auka hagkvæmni og stöðugleika og draga úr umsýslukostnaði og skrifræði. Ný VSK-stefna mun m.a. byggja á niðurstöðum samráðs um [grænbók um virðisaukaskatt í framtíðinni](#) og [rannsókn framkvæmdastjórnarinnar](#) á efnahagslegum og félagslegum áhrifum gildandi VSK-kerfis og mögulegum áhrifum lagabreytinga á þessu sviði.

Virðisaukaskattur er mishár í aðildarríkjum ESB, frá 15% (lágmark skv. reglum ESB) í Kýpur og Lúxemborg til 25% í Danmörku, Svíþjóð og Ungverjalandi. Ríkjum er heimilt að veita undanþágur og afslætti vegna tiltekinnar þjónustu og vöru en framkvæmd er mjög mismunandi eftir löndum. Orðsendingin leggur til umfangsmiklar breytingar á núgildandi kerfi, m.a. að almannaðjónusta verði almennt virðisaukaskattskyld. Það sem liggur að baki er m.a. að jafna stöðu einkaaðila sem reka þjónustustarfsemi og opinberra aðila. Norræn sveitarfélög hafa meðal annars lýst áhyggjum sínum af þessum tillögum þar sem samneysla á Norðurlöndum nær víða helmingi landsframleiðslu og bera sveitarfélög ábyrgð á stórum hluta hennar. Fyrirhugaðar breytingar á VSK-kerfinu myndu hafa umtalsverð áhrif á sveitarfélög, skattlagningarheimildir þeirra og þar með fjármögnun almannaðjónustu í aðildarríkjum. Þannig myndu skapast ýmis vandamál varðandi þjónustu sveitarfélaga sem nú er undanþegin virðisaukaskatti s.s. heilbrigðis- og félagsþjónusta, rekstur skóla o.fl. Hugmyndir um að virðisaukaskattur komi að einhverju leyti í staðinn fyrir tekjuskatt gætu einnig grafið undan sjálfsstjórnarrétti sveitarfélaga sem yrðu þá háð framlögum frá ríkinu í staðinn fyrir að vera með eigin tekjuskattstofn. Norrænu sveitarfélagasamböndin hvetja framkvæmdastjórnina til að gera ítarlega úttekt á þessum sviðum áður en ráðist er í að gera almannaðjónustu virðisaukaskattskylda. Þau telja að virðisaukaskattur á allt gæti frekar latt sveitarfélög til að útvista þjónustu og hafa samstarf um rekstur slíkrar þjónustu og leggja til að norræna virðisaukaskattskerfið verði frekar lagt til grundvallar við þróun kerfis sem gilt gæti á ESB-svæðinu öllu.

Virðisaukaskattsreglur falla utan gildissviðs EES-samningsins en þess ber að geta að í skýrslu framkvæmdastjórnar ESB um aðildarumsókn Íslands er sérstaklega vikið að virðisaukaskatti o g talið að undanþágur og lækkunarheimildir þurfi að endurskoða í íslenskri löggjöf.

4. UMHVERFIS-, LOFTSLAGS- OG ORKUMÁL

ÁÆTLUN ESB UM BÆTTA NÝTINGU AUÐLINDA

Evrópa2020-áætlunin miðar að koma á sjálfbæru markaðshagkerfi í Evrópu (sjá 1. kafla). Til að svo geti orðið hafa mælanleg markmið (e. flagship initiatives) á sviði atvinnumála, rannsókna/nýsköpunar, menntunar, samfélags án aðgreiningar og orku/loftslagsmála verið kynnt. Markmið í orku- og loftslagsmálum miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 20% til ársins 2020 og 80-95% til ársins 2050 (miðað við losun árið 1990). Þá er ætlunin að auka hlut endurnýjanlegrar orku um 20% og að orkunýtni aukist um 20%. [Forgangsáætlun um bættu nýtingu auðlinda \(e. resource efficiency\)](#) er ætlað að stuðla að því að ofangreindum markmiðum um sjálfbæran hagvöxt og umbætur í orku- og loftslagsmálum verði náð. Áætlunin miðar að því að:

- Auka hagvöxt – en með minni notkun auðlinda (e. resources).
- Skapa tækifæri, stuðla að nýsköpun og styrkja samkeppnishæfni ESB.
- Tryggja framboð nauðsynlegra auðlinda.
- Vinna gegn loftslagsbreytingum og takmarka umhverfisáhrif auðlindanotkunar.

Stefnan hefur víðtæk áhrif á fjölda sviða, s.s. orkumál, samgöngur, iðnað, landbúnað, sjávarútveg, líffræðilegan fjölbreytileika og atvinnulífið almennt en ætlunin er að skylda allar atvinnugreinar til að draga úr og hagræða í nýtingu auðlinda.

ORKUSTEFNA ESB

Orkumál eru ofarlega á dagskrá ESB og Pólverjar lögðu áherslu á ýmis orkumál í [formennskutið sinni](#), s.s. tilskipun um orkunýtni, orkumannvirki og að styrkja orkumálastefnu ESB utan sambandsins, þ.e. í samskiptum við þriðju ríki. Þeim var þó legið á hálsi fyrir að horfa um of til kolefnaeldsneytis á sama tíma og ESB vinnur að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Danir hyggjast í sinni formennskutið leggja mikla áherslu á endurnýjanlega orkugjafa, en þeir hafa t.d. náð afar góðum árangri við nýtingu vindorku.

VEGVÍSIR UM ORKUMÁL TIL 2050

Undanfarna mánuði hefur framkvæmdastjórnin unnið að því að leggja línurnar um framtíð orkumála innan ESB. Að óbreyttu verður orkuframleiðsla ESB að verða nær kolefnislaus (e. carbon free) til þess að markmiðum um 80-95% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda árið 2050 verði náð. Í desember birti framkvæmdastjórnin [vegvísi um orkumál ESB til ársins 2050](#) (e. Energy Roadmap) þar sem reynt er að bregðast við þessum vanda ásamt því að auka samkeppnishæfni Evrópu og afhendingaröryggi (e. security of supply) orku. Vísirinn leggur til grundvallar líkön sem byggja á að gripið sé til helstu „mótvægisáðgerða“ (orkunýtni, endurnýjanlegir orkugjafar, kjarnorka og kolefnisbinding) og sýna helstu mögulegar afleiðingar mismunandi áðgerða. Markmiðið er að gera aðildarríkjum kleift að velja orkustefnu sem hentar þeim, en sem auk þess dregur úr útblæstri og tryggir örugga fjárfestingu einkaaðila í orkugeiranum. Vegvísirinn tiltekur nokkra þætti sem eiga að stuðla að því að lykilmarkmiðum ESB verði náð:

- Afkolun (e. decarbonisation) orkukerfis ESB er tæknilega og fjárhagslega gerleg. Líkön gefa til kynna að 80% markmiðið geti náðst m.a. með afkolun.
- Orkunýtni og notkun endurnýjanlegra orkugjafa skiptir sköpum. Til að markmiðum verði náð árið 2050 þá er aukin orkunýtni og stærri hlutur endurnýjanlegra orkugjafa nauðsynlegur, óháð samsetningu. Líkön framkvæmdastjórnarinnar gefa einnig til kynna að rafmagn muni gegna stærra hlutverki en nú, en einnig er gert ráð fyrir gasi, olíu, kolum og kjarnorku í líkönunum í mismunandi magni. Aðildarríkjum er þannig gert kleift að velja „orkusamsetningu“ sem hentar þeim, svo fremi sem virkur innri orkumarkaður er tryggður.
- Fjárfestingar í innviðum hefjist fyrr en síðar. Brýnt er að ákvarðanir um fjárfestingar í nauðsynlegum orkuinnviðum til ársins 2030 séu teknar nú; mannvirkjum sem byggð voru fyrir 30-40 árum þarf að skipta út.
- Að verði sé haldið í skefjum. Fjárfestingar nú munu ryðja brautina fyrir hagstæðari verðlagningu í framtíðinni. Raforkuverð mun hækka til 2030 en mun síðan lækka vegna minnkandi framleiðslukostnaðar, sparnaðar og tækni framfara. Sjálfbær fjárfesting, fleiri störf og minni innflutningur á orku frá löndum utan ESB eru þættir sem munu vega upp á móti auknum kostnaði.

- Stærðarhagkvæmni er þörf. Sameiginlegt evrópskt orkukerfi mun lækka kostnað og tryggja öruggara framboð en einangruð innlend kerfi geta annað ein og sér. Lykillinn er sameiginlegur orkumarkaður sem ætti að vera orðinn virkur árið 2014.

Vegvísinum verður fylgt eftir með frekari aðgerðum á næstu árum, s.s. að því er varðar innri markaðinn, endurnýjanlega orkugjafa og öryggi kjarnorku.

DRÖG AÐ NÝRRI TILSKIPUN UM ORKUNÝTNI KYNNT

Í júní 2011 birti framkvæmdastjórnin drög að nýrri [tilskipun um orkunýtni](#) (kynningu á frumvarpinu er að finna [hér](#)). Sérstakur rýnihópur Evrópusamtaka sveitarfélaga vinnur nú að umsögn um tillöguna, en ljóst er að verði hún samþykkt mun hún hafa töluverð áhrif á sveitarfélög. Í tillögunni er m.a. að finna nýtt ákvæði um að sveitarfélögum og ríki beri að endurnýja 3% opinberra bygginga (til að gera þær sparneytnari) árlega frá og með árinu 2014. Ljóst er að þetta markmið er óraunhæft jafnvel fyrir framsæknustu sveitarfélög, auk þess sem styrkir og lausnir til að fjármagna þessa endurnýjun eru ófullnægjandi. Þá verður orkuveitum gert skylt að hvetja notendur til að draga úr orkunotkun, t.d. með bættri einangrun og gagnsæjum reikningum. Evrópusamtök sveitarfélaga [ályktuðu](#) um tillöguna þar sem áhyggjum er m.a. lýst af 3% markmiðinu og Héraðanefnd ESB tekur í sama streng í [ályktun](#) sinni. Á Evrópuþinginu hefur atkvæðagreiðslu um frumvarpið verið frestað. Meðal þess sem þingmenn greinir á um er hvort setja eigi bindandi markmið um orkunýtni í lög. Rúmlega 1800 breytingatillögur við frumvarpið hafa þegar verið lagðar fram.

Ljóst er að Ísland hefur mikla sérstöðu gagnvart þessum nýju reglum og koma þarf sjónarmiðum Íslands á framfæri. Sveitarstjórnarvettvangur EFTA [ályktaði](#) um drögin á fundi sínum í nóvember. Flutningsmaður tillögu um orkunýtni var Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga. Í ályktuninni er lögð áhersla á algera sérstöðu Íslands og Noregs að því er varðar notkun endurnýjanlegrar orku og losun gróðurhúsalofttegunda vegna húshitunar. Ályktunin tekur undir sjónarmið Héraðanefndar ESB um að skyldubundin endurnýjun 3% opinberra bygginga á ári sé of íþyngjandi fyrir sveitarstjórnarstigið og að brýnt sé að sveitarfélög hafi frelsi til að velja þær orkusparnaðarleiðir sem henta á hverjum stað. Sveitarstjórnarvettvangurinn er einnig andvígur því að ESB leggi þá skyldu á herðar sveitarfélögum að kaupa aðeins orkunýtna þjónustu og vörur en slíkt eigi að vera á valdi sveitarstjórnarstigsins að ákveða. Sama gildir um ákvæði er snerta skipulagsmál, sem m.a. lúta að staðsetningu veitna, sem vettvangurinn telur of ítarleg og að brjóti mögulega gegn sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga. Ályktununum var komið á framfæri við stofnanir EFTA, Héraðanefndina og viðkomandi ráðuneyti.

STUÐNINGUR VIÐ SVEITARFÉLÖG TIL AÐ STUÐLA AÐ ORKUSPARNADI OG AUKINNI NOTKUN ENDURNÝJANLEGRAR ORKU

Vakin er athygli á [vefsetri](#) um orkusparnað sem ætlað er sveitarfélögum og héruðum. Á vefsetrinu er að finna gagnlegar ráðleggingar og dæmi um fyrirmyndarverkefni á sviði upplýsingatækni sem miðar að orkusparnaði.

[Intelligent Energy Europe \(IEE\)](#) er áætlun sem miðar að skynsamlegri orkunýtingu og aukinni notkun endurnýjanlegra orkugjafa í Evrópu. Áætlunin felur í sér ýmis tækifæri fyrir sveitarfélög. Sem dæmi má nefna nýtt svið er nefnist [Mobilising local energy investment \(technical assistance\)](#) sem er m.a. ætlað að veita litlum og meðalstórum sveitarfélögum tæknilega aðstoð til framkvæmda á sviði orkumála. Þessi nýja áætlun mun styðja einstök sveitarfélög, borgir, héruð, svæði eða samstarf

opinberra stofnana/yfirvalda á afmörkuðu landsvæði. Áætlunin mun koma á samstarfi við fjármálastofnanir og aðstoða við undirbúning, fjármögnun og fjárfestingar í sjálfbærum orkuverkefnum. Ólíkt mörgum ESB-áætlunum þá er ekki krafist samstarfs við önnur ríki, en verkefnin verða að lágmarki að hljóða upp á 6 milljónir evra og æskilegt er að verkefnin nái til meira en 200.000 íbúa.

[ELENA-áætluninni](#) veitir tæknilega aðstoð til að fjármagna smærri svæðisbundin verkefni. Sérstök áhersla er lögð á félagslegt húsnæði og tilraunaverkefni. Reykjavíkurborg hefur sótt um aðstoð hjá sjóðnum í verkefni er tengist almenningssamgöngum.

„[Snjallborgir og samfélög](#)“ áætlunin veitir styrki til nýsköpunarverkefna sveitarfélaga á sviði samgangna, orku- og upplýsingatækni. Fyrst var auglýst eftir umsóknum 19. júlí en gert er ráð fyrir að fyrstu verkefnin hefjist sumarið 2012. Áætlunin nýtist líklega helst stærri borgum en æskilegt er að þátttakendur eigi aðild að Borgarstjórásáttmálanum, sjá nánar hér að neðan.

Íslensk sveitarfélög hafa aðgang að ofangreindum áætlunum.

[Sáttmáli sveitarfélaga um nýtingu sjálfbærra orkugjafa](#), („Borgarstjórásáttmálanum“, (e. Covenant of Mayors) felur í sér áhugavert samstarf sveitarfélaga. Með aðild skuldbinda borgir og bæir sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um meira en 20% til ársins 2020, sem er umfram það sem orkustefna ESB kveður á um. Sáttmállinn felur í sér greiningu, aðgerðaáætlun um takmörkun losunar gróðurhúsalofttegunda og eftirlit með framkvæmdinni. Aðilar skuldbinda sig einnig til að stuðla að vitundarvakningu meðal borgara og til að deila fyrirmyndarverkefnum (e. best practice).

Fjallað var nánar um stuðning við sveitarfélög á sviði orkusparnaðar og endurnýjanlegrar orku í [skýrslu Brussel-skrifstofu, fyrri hluta 2011](#).

SAMRÁÐ HAFIÐ UM NÝJA TILSKIPUN UM BÆTTA NÝTINGU VATNS

[Könnun framkvæmdastjórnar ESB](#) hefur leitt í ljós að a.m.k. 20% vatns í ESB fer til spillis. Um 21% vatnsnotkunar fer fram í byggingum og talið er unnt að draga úr vatnsnotkun bygginga um allt að 30%. Framkvæmdastjórn ESB skoðar nú hvort þörf er fyrir Evrópureglur um bættu vatnsnýtingu í opinberum byggingum. [Samráð](#) við hagsmunaaðila hófst í nóvember og er því ætlað að leggja grunninn að tilskipun um staðla og kröfur fyrir nýbyggingar hvað varðar vatnsnýtingu. Tilheyrandi vottunarkerfi, áþekk þeim sem kveðið er á um í tilskipun um orkunýtingu í byggingum, eru einnig til skoðunar. Líklega verður einnig lögð áhersla á tæknilega staðla, t.d. varðandi rör og aðra innviði. Héraðanefnd ESB er hlynnt því að samþykkt verði stefna til að draga úr vatnssóun og til að tryggja hreint vatn fyrir alla. Fyrir sveitarfélög er afar brýnt að nýrri tilskipun fylgi ekki óþarfa skrifræði og nálægðarreglan verði í heiðri höfð. Íslensk sveitarfélög hafa sérstakra hagsmuna að gæta á þessu sviði.

SAMRÁÐ UM ENDURSKOÐUN LÖGGJAFAR UM LOFTGÆÐI

Fyrstu niðurstöður [samráðs um endurbætur á löggjöf um loftgæði](#) (e. air quality) voru kynntar á ráðstefnu í janúar. Markmið samráðsins var að afla upplýsinga um virkni, kosti, galla og framkvæmd stefnu ESB í loftgæðamálum. Samráðsferlið er hluti endurskoðunar á löggjöf ESB um loftgæði en endurskoðuninni er ætlað að skilgreina ný langtímamarkmið um loftgæði innan sambandsins eftir árið 2020. Gert er ráð fyrir að endurskoðuninni verði lokið árið 2013. Stefna ESB í loftgæðamálum fellur undir EES-samninginn en íslensk sveitarfélög hafa ýmissa hagsmuna að gæta hvað þetta efni varðar.

ÚRGANGSMÁL Á DÖFINNI HJÁ ESB

Úrgangsreglur Evrópusambandsins eru hluti af EES-samningnum og því ber Íslandi að innleiða tilskipanir ESB þegar þær hafa verið teknar inn í samninginn. Meðhöndlun úrgangs er að stórum hluta á ábyrgð sveitarfélaga og því er brýnt að fylgjast vel með þróun úrgangsmála á vettvangi ESB.

Samband íslenskra sveitarfélaga tekur virkan þátt í starfi [Municipal Waste Europe](#) (MWE), sem eru hagsmunasamtök aðila sem starfa að meðhöndlun úrgangs. Samtökin hafa formlega stöðu hagsmunaaðila hjá Evrópusambandinu og þar með umsagnarrétt um lagafrumvörp og fleira.

INNLEIÐING RAMMATILSKIPUNAR UM MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS Á ÍSLANDI

[Rammatilskipun](#) Evrópusambandsins um úrgang tók gildi 12. desember 2008 (2008/98/EB). Tilskipunin leysir af hólmi þrjár eldri tilskipanir um úrgang, spilliefni og olíuúrgang. Áhersla er meðal annars á aðgerðir til að minnka úrgangsmyndun og innleiða [lífferilshugsun](#) (e. life-cycle thinking). Markmiðið er að vernda umhverfi og heilsu með því að draga úr neikvæðum áhrifum af meðhöndlun úrgangs, ásamt því að draga úr sóun á auðlindum og auka hagkvæmni.

Vinna við innleiðingu á tilskipuninni í íslenskan rétt á grundvelli EES-samningsins stendur nú yfir samhliða útgáfu landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2012-2023. Tilskipunin setur m.a. viðmið um það hvenær úrgangur hættir að vera úrgangur og verður að hráefni og mælt er fyrir um forgangsörðun við meðhöndlun úrgangs. Í fyrsta lagi skal koma í veg fyrir myndun úrgangs, í öðru lagi að undirbúa úrgang fyrir endurnotkun, í þriðja lagi að endurvinna úrganginn og í fjórða lagi að endurnýta hann. Þrautaráðið er förgun en markmiðið er að sem minnst af úrgangi verði eftir til að farga.

Tilskipunin byggir á meginreglunum um mengunarbótarregluna, þ.e. að þeir borgi sem menga og framleiðendaábyrgð. Aðildarríkjum er gert skylt að semja áætlun um meðhöndlun úrgangs og hvernig koma eigi í veg fyrir myndun hans. Ljóst er að á Íslandi þarf að auka flokkun til að unnt sé að auka endurvinnslu og endurnýtingu auk þess sem grípa þarf til ráðstafana til að koma í veg fyrir myndun úrgangs almennt.

Gert er ráð fyrir að frumvarp til íslenskra laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs verði sent til umsagnar á fyrri hluta þessa árs og mun sambandið að sjálfsögðu gæta þess, í samráði við verkefnisstjórn um úrgangsmál, að koma sjónarmiðum sveitarfélaga að við gerð frumvarpsins og umfjöllun um það á Alþingi.

ENDURSKOÐUN TILSKIPUNAR UM RAF- OG RAFEINDATÆKJÁÚRGANG

Í Evrópu er einungis um þriðjungur raf- og rafeindatækjaúrgangs (33%) meðhöndlaður og tilkynntur í samræmi við lög. Meira en helmingur (54%) er meðhöndlaður á annan máta – innan eða utan ESB – sem samræmist ekki reglum Evrópusambandsins. Það sem eftir stendur (13%) er urðað. Ólögleg viðskipti með raftækjaúrgang til landa utan ESB eru enn mikil. Því er ljóst að sé miðað við núverandi söfnunar- og endurvinnsluhlutfall þá verður markmiðum núgildandi tilskipunarinnar um lýðheilsu og umhverfisvernd ekki náð á næstunni. Þá hefur ólík útfærsla á ákvæðum um framleiðendaábyrgð leitt til mjög mismunandi kerfa á söfnun og endurnýtingu á þessum úrgangi í löndum ESB.

Til að bregðast við þessum vanda kynnti framkvæmdastjórn ESB drög að endurskoðaðri tilskipun árið 2008 en fyrstu umræðu um frumvarpið lauk í byrjun árs og Evrópuþingið [ályktaði](#) um frumvarpið í

febrúar. Ýmis álitamál eru til skoðunar, t.d. tillögur um frekari afmörkun þess hvaða vörur falla undir tilskipunina, samræmda skráningu, markmið um að auka sérsöfnun á raf- og rafeindatækjaúrgangi úr 45% í 65% árið 2016 o.fl. Sveitarfélög vilja að framleiðendaábyrgð sé skyldubundin og að kostnaður við söfnun og geymslu falli ávallt á framleiðendur. Sveitarstjórnarvettvangur EFTA [ályktaði](#) á þessa lund á öðrum fundi sínum árið 2010 og Evrópusamtök sveitarfélaga [eru sama sinnis](#). Mörg þessara atriða eru umdeild hjá aðildarríkjunum, t.d. er aukið söfnunarmarkmið talið vera óraunhæft fyrir nýjustu aðildarríki ESB, sem hafa þess vegna lýst andstöðu sinni við þessa aukningu og mörg eru mótfallin framleiðendaábyrgðinni. Einnig var deilt um hvort ESB eða aðildarríkin sjálf skilgreindu „framleiðendur“ raftækja sem skiptir máli þegar kemur að því að greiða kostnað vegna söfnunar tækjanna. Framkvæmdastjórnin og Evrópuþingið mæltu fyrir skilgreiningu á ESB-vísu á meðan aðildarríkin voru einróma í andstöðu sinni við þessa tillögu. Eftir afar erfiðar samningaviðræður milli Evrópuþingsins og Ráðherraráðsins náðist loks samkomulag í lok desember. Gert er ráð fyrir að hin [nýju drög](#) verði samþykkt á Evrópuþinginu og af Ráðherraráðinu á vormánuðum. Aðildarríkjum ber svo að innleiða tilskipunina innan 18 mánaða frá gildistöku. Helstu nýmæli hinnar endurskoðuðu tilskipunar eru:

- Tilskipunin mun ná til allra tegunda raf- og rafeindatækjaúrgangs.
- Gildandi söfnunarhlutfall, þ.e. 4 kg á mann á ári stendur í fjögur ár eftir að tilskipunin tekur gildi en árið 2016 verður söfnunarhlutfallið 45% miðað við meðalþyngd allra tækja sem sett eru á markað. Árið 2019 verða aðildarríki síðan að velja hvort þau kjósa að safna 65% þyngdar allra tækja sem sett eru á markað eða 85% alls raf- og rafeindatækjaúrgangs sem til fellur. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leggja til að þessi markmið verði endurskoðuð. Nýju aðildarríkin fá undanþágur vegna skorts á innviðum og lítillar „raftækjaneytslu“.
- Framkvæmdastjórnin mun þróa sameiginlega aðferðafræði til að reikna út heildarþyngd raf- og rafeindatækja sem sett eru á markað í aðildarríkjum og hversu mikill úrgangur myndast.
- Þróaðir verða Evrópustaðlar sem ná yfir meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs; söfnun, endurnotkun, endurvinnsla og endurnýtingu.
- Stórum raftækjaverslunum verður gert skylt að taka við litlum raftækjum til endurvinnslu endurgjaldslaust.
- Hert verður á eftirliti til að koma í veg fyrir ólöglegan útflutning raf- og rafeindatækjaúrgangs.
- Skráningarferli og eftirlit fyrir framleiðendur verður einfaldað.

Tilskipunin mun án efa verða tekin inn í EES-samninginn og hún innleidd á Íslandi í samræmi við reglur samningsins.

5. FÉLAGS-, KJARA- OG STARFSMANNAMÁL

SAMRÁÐ VIÐ AÐILA VINNUMARKAÐARINS (E. SOCIAL DIALOGUE)

Sáttmáli um starfshætti ESB (154-155.gr.) kveður á um þátttöku aðila vinnumarkaðarins í mótun stefnu sambandsins um vinnumarkaðs- og félagsmál (e. social policy). Annars vegar ber framkvæmdastjórninni að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins áður en hún leggur til nýmæli eða breytingar er snerta stefnuna. Hins vegar hafa aðilar vinnumarkaðarins heimild til að gera tvíhliða samkomulag sín á milli um viðfangsefni á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála. Samningaviðræður af þessu tagi eru að hefjast um endurskoðun vinnutímatilskipunarinnar (sjá nánari umfjöllun hér að neðan) en dæmi um afraksturinn er [Rammasamningur um einelti og ofbeldi á vinnustað](#). Íslensk

stjórnvöld veita aðilum vinnumarkaðarins á Íslandi, þ.e. stéttarfélögum og viðsemjendum þeirra, tækifæri til að hrinda tilskipunum og rammisamningum í framkvæmd með kjarasamningum.

[Samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins](#) á Evrópuvísu (e. Social Dialogue Committee) kemur saman 3-4 sinnum á ári til að ræða vinnumarkaðsmál, samþykkja tvíhliða samninga, o.fl. Nefndin er skipuð fulltrúum ýmissa Evrópusamtaka atvinnurekenda og launþega. Þá ber einnig að geta sérstakrar samráðsnefndar aðila vinnumarkaðarins fyrir stað- og svæðisbundin stjórnvöld (e. [European Sectoral Social Dialogue Committee for Local and Regional Government](#) sem Samband íslenskra sveitarfélaga tekur þátt í. Nefndin var sett á fótt árið 2004 en aðild að henni eiga fulltrúar Evrópusamtaka sveitarfélaga (CEMR) og Bandalags samtaka launþega í almannatjónustu (e. European Federation of Public Service Unions (EPSU)) sem BSRB á aðild að. Á síðari hluta ársins 2011 fjallaði nefndin m.a. um [áhrif niðurskurðar á heilbrigði starfsfólks hjá hinu opinbera](#) og kynjajafnréttismál – m.a. [leiðbeinandi reglur CEMR/EPSU um hvernig á að semja jafnréttisáætlanir fyrir sveitarfélög](#), auk þess sem hún hefur skipulagt námskeiðaröð sem hefst í byrjun árs 2012, sem er hluti af verkefninu *Framtíðarvinnustaðurinn*.

AÐILAR VINNUMARKAÐARINS HEFJA SAMNINGA UM ENDURSKOÐUN VINNUTÍMA-TILSKIPUNARINNAR

[Vinnutímatilskipunin](#) (Tilskipun ráðsins 93/104/EB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma) mælir fyrir um lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd í tengslum við skipulag vinnutíma, m.a. rétt starfsmanna til daglegs hvíldartíma samfelld í 11 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili, samfelldan lágmarkshvíldartíma í 24 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili til viðbótar við 11 klukkustunda hvíldartímann og að meðalvinnustundafjöldi fyrir sjö daga tímabil fari ekki yfir 48 klukkustundir, að yfirvinnu meðtalinni. Tilskipunin skilgreinir vinnutíma sem þann tíma sem starfsmaður er við störf, eða er vinnuveitanda innan handar og innir af hendi störf sín eða skyldur í samræmi við innlend lög og/eða réttarvenju. Aðildarríkjum er heimilt að laga reglur ESB að aðstæðum sínum (t.d. er vinnuvikan víða styttri en 48 stundir) og semja um ýmis atriði í kjarasamningum. Þá eru undanþágur og frávík heimil við tiltekna aðstæður.

Í kjölfar dóma Evrópudómstólsins í spænskum (SIMAP) og þýskum (Jaeger) málum, sem skáru úr um að bak- og [staðarvaktir](#) teljist til vinnutíma í skilningi tilskipunarinnar, lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögur að breytingum á henni árið 2004. Breytingarnar náðu þó ekki fram að ganga þar sem Ráð ESB og Evrópuþingið gátu ekki komist að samkomulagi um tillöguna, þrátt fyrir tvær umræður og sátttaferli (e. conciliation process) árið 2009. Enn er því lagaleg óvissa um hvernig skýra beri ýmis ákvæði tilskipunarinnar og sumum aðildarríkjum reynist erfitt að framfylgja hluta reglakerfis ESB á þessu sviði; í fjölda aðildarríkja er umdeilanlegt hvort löggjöf og/eða framkvæmd samræmist ESB löggjöf. Nýlegir dómur í málum Pereda, Shultz-Hof, Stringer og Marshall-Clay hafa einnig sýnt fram á nauðsyn þess að endurskoða vinnutímatilskipunina.

Þann 24. mars 2010 hóf framkvæmdastjórnin samráð við aðila vinnumarkaðarins um endurskoðun vinnutímatilskipunarinnar sem lauk með því aðilar vinnumarkaðarins samþykktu í nóvember að semja um endurskoðun tilskipunarinnar (sbr. 155. gr. sáttmála um starfshætti ESB). Í því felst að framkvæmdastjórnin setur lagasetningarvinnu á hilluna. Ef aðilar vinnumarkaðarins ná samkomulagi er um tvær leiðir að velja til að koma því í framkvæmd. Annars vegar með aðgerðum í hverju landi í samstarfi yfirvalda og aðila vinnumarkaðarins. Hins vegar er mögulegt að innleiða samkomulag af þessu tagi með tilskipun frá Ráði ESB (sjá nánar í skýrslu Brussel-skrifstofu, fyrri hluti 2011). Ekki er víst að samkomulag náist um vinnutímatilskipunina þar sem Evrópusamtök atvinnulífsins virðast hafa

mjög þröngar samningsheimildir og margt ber í milli. Samtök sveitarfélaga á Norðurlöndum hafa lagt áherslu á að staðarvaktir teljist ekki til unnins tíma að því er varðar beitingu ýmissa ákvæða tilskipunarinnar. Þau leggja einnig áherslu á að í samningum um endurskoðun tilskipunarinnar verði staðinn vörður um þau ákvæði í nágildandi tilskipun sem veita svigrúm til að tryggja viðeigandi lausnir að því er varðar vinnutíma í kjarasamningum.

Ef samkomulag næst ekki þá er framkvæmdastjórninni heimilt að hefja endurskoðun tilskipunarinnar að nýju.

Á Íslandi hafa umdeild atriði sem tengjast vinnutímatilskipuninni mest áhrif á vaktavinnufólk. Hvað sveitarfélög snertir þá hefur hún líklegast fyrst og fremst áhrif á starfsmenn slökkviliða en jafnframt einnig á málefni fatlaðs fólks og svo aldraðra þegar sá málaflokkur flytur til sveitarfélaga.

JAFNRÉTTI KYNJANNA

Ráðherraráðið hefur samþykkt [jafnréttissáttmála](#) 2011-2020 sem ætlað er styrkja samspil [áætlunar um jafnrétti kynjanna](#) 2010-2015 og Evrópu2020-áætlunarinnar. Ráðherraráðið telur jafnrétti kynjanna grunnþátt í að tryggja efnahagsvöxt, velferð og samkeppnisforskot ESB. Ráðið áréttar að það hyggist beita sér fyrir auknu jafnrétti á vinnumarkaði, m.a. að uppræta kynbundinn launamun. Ráðið hyggst stuðla að jafnvægi þegar kemur að atvinnu og einkalífi og vinna að því að binda enda á kynbundið ofbeldi. Ráðið hvetur aðildarríkin og stofnanir ESB til að grípa til aðgerða til ofangreindum markmiðum verði náð, m.a. að samþætta kynjasjónarmið í alla stefnumótun.

Framkvæmdastjórnin hefur einnig lýst því yfir að hún hyggist birta tilmæli á árinu sem lúta að sérstökum aðgerðum til að fjölga konum í stjórnnum fyrirtækja en Evrópuþingið hefur kallað eftir [lögbundnum kynjakvóta](#).

Evrópuþingið samþykkti einnig [ályktun](#) þar sem áréttað er að barátta gegn kynbundnu ofbeldi er forgangsmál hjá ESB. Kallað er eftir sérstakri tilskipun til að berjast gegn ofbeldi af þessu tagi þar sem kveðið sé á um stuðning og aðstoð við fórnarlömb, þ. á m. eitt athvarf fyrir hverja 10.000 íbúa.

ENDURSKOÐUN TILSKIPUNAR UM VIÐURKENNINGU Á FAGLEGRI MENNTUN OG HÆFI

Framkvæmdastjórnin hefur birt drög að [endurskoðaðri tilskipun um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi](#). Endurskoðunin byggir m.a. á samráði við hagsmunaaðila og grænbók um sama efni. Endurskoðuninni er einkum ætlað að stuðla að auknum hreyfanleika vinnuafls á EES-svæðinu en samráðsferlið leiddi í ljós ýmsar hindranir í vegi fólks sem hyggst flytjast milli landa vegna atvinnu. Oft er afar tímafrekt að fá viðurkenningu á starfsréttindum, sem gerir sérfræðingum erfitt um vik að bregðast hratt við atvinnutækifærum í öðrum ESB-ríkjum, en einnig vantar mikið upp á að upplýsingar um viðurkenningu af þessum toga séu aðgengilegar. Þá er talið nauðsynlegt að uppfæra skilyrði um sjálfkrafa viðurkenningu starfsréttinda. Hér á landi hefur einnig gagnrýnt að innflytjendur fái ekki vinnu í samræmi við menntun sína og reynslu. Helstu nýmæli endurskoðaðrar tilskipunar varða:

- Nýtt samevrópskt „sérfræðingsskírteini“ sem myndi draga úr skriffræði og stytta viðurkenningartíma fyrir starfsstéttir sem kjósa að nýta sér það.
- Bætt aðgengi að upplýsingum og rafræn viðurkenningarferli.
- Endurskilgreindar lágmarkskröfur fyrir tilteknar stéttir sem endurspeglar þróun undanfarinna ára að því er varðar menntun og hæfi.
- Aðgerðir til að tryggja gagnsæi, neytendavernd o.fl.

Gert er ráð fyrir að tilskipunin verði samþykkt í árslok og að hún öðlist gildi árið 2014.

Tilskipunin mun eflaust falla undir gildissvið EES-samningsins og verður því innleidd á Íslandi.

LÍFEYRISMÁL

Framkvæmdastjórn ESB kynnti í sumar niðurstöður samráðs um [grænbók um lífeyrismál](#). Á grundvelli niðurstaðnanna verður birt hvítbók um lífeyrismál á næstunni.

Drög að hvítbókinni sem lekið hafa út gefa til kynna að framkvæmdastjórnin muni hvetja aðildarríki til að ráðast í umfangsmiklar breytingar á lífeyriskerfum sínum, m.a. að afnema lögbundinn eftirlaunaaldur til þess að lengja starfsævi launþega. Framkvæmdastjórnin mun leggja til að ríki geti sótt styrki til ESB til að ráðast í þessar breytingar.

Aðildarríki munu eftir sem áður bera meginábyrgð á fyrirkomulagi lífeyris en framkvæmdastjórnin leggur til ýmsar aðgerðir sem þau geta gripið til, m.a. afnám lögbundins eftirlaunaaldurs, aðgerðir til að stuðla að heilbrigðri öldrun á vinnustað, aukna símenntun fyrir eldra fólk, aðgerðir til að koma til móts við þarfir eldri starfsmanna á vinnustað og aðgerðir til að stuðla að því að fólk geti unnið lengur almennt. Aðildarríki verða einnig að finna leiðir til að bæta nágildandi kerfi fyrir viðbótarlífeyrissparnað en framkvæmdastjórnin mun leita leiða til að auka gæði og eftirlit slíkra kerfa og upplýsingagjöf til neytenda - einnig á milli landa. Þessar aðgerðir munu væntanlega vera taldar falla utan við EES-samninginn.

EVROPUÁR UM VIRKNI ALDRAÐRA OG SAMSTÖÐU KYNSLÓÐANNA

Evrópusambandið hefur tileinkað árið 2012 [virkni aldraðra og samstöðu kynslóðanna](#) (e. **European Year of Active Ageing and Solidarity Between Generations**). Evrópuárinu er ætlað að vekja þegna ESB til umhugsunar um hvað breytt lýðfræðileg samsetning ESB hefur í för með sér og hvernig best er að bregðast við þeirri staðreynd að fólk verður eldra og er virkt lengur en áður. Árinu er ætlað að stuðla að aukinni samstöðu kynslóðanna og leita leiða til að tryggja aukið heilbrigði, þátttöku og öryggi eldri borgara í Evrópu og bæta lífsgæði þeirra. Á árinu verður vakin athygli á hugmyndafræðinni sem „virkni á efri árum“ byggir á og jafnframt reynt að greina og kynna fyrirmyndarverkefni á þessu sviði. Kynningu á Evrópuárinu er að finna [hér](#). Evrópuárinu verður formlega ýtt úr vör í byrjun árs 2012 en velferðarráðuneytið, Jafnréttisstofa, Landssamband eldri borgara o.fl. koma að skipulagningu ársins á Íslandi.

ÁÆTLUN UM AÐLÖGUN INNFLYTJENDA KYNNT

Ný [Áætlun ESB um aðlögun innflytjenda](#) frá löndum utan EES-svæðisins miðar að því að auka efnahagslega, félagslega, menningarlega og pólitíska þátttöku innflytjenda í samfélaginu og leggur áherslu á hlut sveitarfélaga í þessu tilliti. Áætlunin varpar ljósi á þær hindranir sem standa í vegi fyrir því að ESB nýti sér til fulls mannauð innflytjenda og að sambandið njóti góðs af fjölmenningu. Sjónum er einnig beint að hlut upprunalanda í að stuðla að aðlögun. Framkvæmdastjórnin hyggst byggja upp eins konar gagnagrunn þar sem stjórnvöld geta leitað fanga um hentugustu aðgerðir til að stuðla að aðlögun innflytjenda í hverju landi. Þá er einnig ætlunin að þróa samhæfð markmið og vísa til að leggja mat á hvernig til tekst.

Enda þótt aðlögun innflytjenda falli ekki undir EES-samninginn þá gæti verið gagnlegt fyrir íslensk sveitarfélög að kynna sér stefnuna og fyrirmyndarverkefni sem kynnt eru á vettvangi ESB.

6. BYGGÐASTEFNA ESB

Byggðastefnu Evrópusambandsins er ætlað að auka jafnvægi milli svæða og efla efnahagslega og félagslega og



svæðisbundna samheldni innan sambandsins. Leiðir að þessu markmiði eru m.a. að styrkja grundvöll fjölbreyttrar atvinnu-

starfsemi, auka menntun og færni, efla samkeppnishæfni svæða og stuðla þannig að auknum hagvexti og lífsgæðum í

aðildarríkjum ESB. Stefnunni er enn fremur ætlað að stuðla að samræmingu aðgerða til að ná þeim langtíamarkmiðum sem aðildarríkin hafa sammælst um og birtast í Evrópa2020-áætluninni. Í raun má segja að byggðastefna Evrópusambandsins feli í sér atvinnu-, efnahags- og velferðarstefnu í mjög víðum skilningi. Hún einkennist af því að veittir eru styrkir til verkefna sem ganga þvert á svið en stuðla að framgangi langtíamarkmiða. Einn þriðji af fjárlögum ESB rennur til byggðastefnunnar.

Byggðastefnan hvílir á þremur markmiðum (e. objective) og þeim til stuðnings eru þrír sjóðir, Samheldnisjóður, Félagsmálasjóður og Byggðapróunarsjóður, sem saman eru nefndir uppbyggingarsjóðir (e. structural funds). Byggðastefna ESB fellur utan EES-samningsins en er áhugaverð vegna aðildarumsóknarinnar, ekki síst fyrir sveitarfélög.

ENDURSKOÐUN BYGGÐASTEFNU ESB

Nú stendur yfir endurskoðun á byggðastefnu (samheldnistefnu) (e. Cohesion Policy) ESB fyrir næsta fjárhags- og áætlunartímabil. Þann 6. október birti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins drög að löggjöf sem markar rammann fyrir stefnuna frá 2014-2020. Stefnt er að því að ráðherraráð ESB og Evrópuþingið nái samkomulagi um endanlega löggjöf í lok árs.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á uppbyggingu og framkvæmd stefnunnar á næstu árum, helstu þættir eru:

- Áhersla á forgangssvið Evrópu 2020-áætlunarinnar: snjall, sjálfbær vöxtur - fyrir alla.
- Umbun fyrir árangur;
- Aukin samhæfing milli sjóða og heildstæðari áætlanagerð;
- Aukin áhersla á afrakstur – frekar en aðferðir;
- Markmið um að efla svæðisbundna samheldni (e. territorial cohesion)
- Einföldun stjórnsýslu.

Regluverkið sem kynnt hefur verið er eftirfarandi:

- [Almenna reglugerðin](#) sem inniheldur sameiginlegar reglur um Byggðapróunarsjóðinn (ERDF), Félagsmálasjóðinn (ESF), Samheldnisjóðinn, Dreifbýlispróunarsjóðinn (EAFRD) og sjávarútvegssjóðinn (EMFF), og frekari, almennar reglur um ERDF, ESF og samheldnisjóðinn;
- Þrjár sérreglugerðir um [Byggðapróunarsjóðinn](#), [Félagsmálasjóðinn](#) og [Samheldnisjóðinn](#).
- Tvær reglugerðir um [svæðasamvinnumarkmið](#) ESB (e. European territorial cooperation goal) og [svæðasamvinnuklasa](#) (e. European Grouping of Territorial Cooperation (EGTC)).

Almenna reglugerðin mælir fyrir um sameiginlegar reglur fyrir sjóðina fimm í samræmi við sameiginlegan stefnumótandi ramma (e. Common Strategic Framework (CSF)) sem samþykktur verður af framkvæmdastjórninni. Reglugerðin inniheldur almenn ákvæði um áætlanagerð; skyldubundin þematísk markmið (e. thematic objectives) byggð á Evrópu2020-áætluninni, ásamt ákvæðum um sameiginlegan stefnumótandi ramma, samstarfssamninga ESB og aðildarríkja, auk reglna um styrkhæfi, fjárfestingartæki, stjórnun, eftirlit o.fl. Þá er þar að finna sérákvæði um hvern sjóð fyrir sig þar sem fjallað er um markmið samheldnistefnunnar, fjárhagsramma, fyrirkomulag stefnumótunarvinnu og skýrsluskil, stærri verkefni og sameiginlegar aðgerðaáætlanir. Einnig er mælt ítarlega fyrir um stjórnsýslu og eftirlit. Í viðauka er svo að finna staðlaða mælikvarða til að leggja mat árangur verkefna. Tilteknar meginreglur gilda fyrir alla sjóðina fimm:

- Samstarf og lagskipt stjórnsýsla (e. multi-level governance).
- Framfylgd Evrópuréttar og innlendra lögjafar.
- Jafnrétti kynjanna.
- Bann við mismunun.
- Sjálfbær þróun.

Sérreglugerðirnar fjalla síðan nánar um hvern sjóð fyrir sig (ERDF, ESF og Samheldnisjóðinn), svið þeirra, forgangsfjárfestingar og vísa og svæðasamvinnumarkmið og -klasa.

Fjárhagsramminn fyrir tímabilið 2014-2020 er áætlaður 376 milljarðar evra (347 milljarðar á núgildandi tímabili), þ.m.t. fjármögnun fyrir nýja áætlun, [Connecting Europe Facility](#), sem er ætlað að styðja verkefni yfir landamæri á sviði orkumála, samgangna og upplýsingatækni.

ÞEMATÍSK MARKMIÐ

Stefnumótandi áætlanagerð er í forgrunni á næsta tímabili. Hinn *sameiginlegi stefnumótandi rammi*, *samstarfssamningar* við aðildarríki og *listi ellefu þematískra markmiða* (e. thematic objectives) sem byggja á Evrópu2020-áætluninni eru hluti af þessu starfi. Þematísku markmiðin sem sjóðirnir eiga að styðja eru eftirfarandi:

- 1) **Stuðningur við rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun.**
- 2) Aukið aðgengi að, notkun og gæði upplýsinga- og fjarskiptatækni (ICT).
- 3) **Aukin samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja, landbúnaðar (EAFRD) og fiskveiða og –eldis (EMFF).**
- 4) **Stuðningur við breytingar í átt að kolefnislágu efnahagslífi (t.d. betri orkunýting, endurnýjanleg orka).**
- 5) Aðlögun vegna loftslagsbreytinga og forvarnir gegn hættuástandi (e. risk prevention).
- 6) Umhverfisvernd og sjálfbær nýting auðlinda.
- 7) Sjálfbærar samgöngur og fækkun flöskuhálsa í samgöngunetum.
- 8) **Fleiri atvinnutækifæri og aukin hreyfanleiki vinnuafis.**
- 9) **Aukin félagsleg aðlögun og barátta gegn fátækt.**
- 10) **Fjárfesting í menntun, hæfni og símenntun.**
- 11) Aukin geta stofnana og skilvirkni opinberrar stjórnsýslu fyrir framkvæmd sjóðanna.

Þematísku markmiðin eru síðan útfærð nánar í **forangssviðum** í sérreglugerðunum fyrir hvern sjóð.

SAMEIGINLEGUR STEFNUMÓTANDI RAMMI

Hinum sameiginlega stefnumótandi ramma (e. Common Strategic Framework) er ætlað að umbreyta markmiðum Evrópu2020-áætlunarinnar yfir í forgangsmál varðandi fjárfestingar og tryggja

samræmingu milli sjóðanna fimm. Sérkenni og fyrirkomulag einstakra stefnumála eru útfærð í reglugerð fyrir viðkomandi sjóð.

SAMSTARFSSAMNINGAR

Samstarfssamningar, sem gerðir eru af framkvæmdastjórn ESB og aðildarríkjum, byggja á hinum sameiginlega stefnumótandi ramma. Samstarfssamningunum er ætlað að tryggja nánari samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkja og svæða og stuðla að aukinni skilvirkni sjóða. Í samningunum verður kveðið á um þau þematísku markmið sem aðildarríki hafa valið sér, samræmingu ESB aðgerða og árangur sem áætlanir eiga að skila. Samningarnir munu einnig innihalda skilyrði um skilvirka nýtingu sjóðanna og þau skref sem aðildarríki og svæði þurfa að taka til að uppfylla þau skilyrði. Þá er ætlunin að samningarnir stuðli að virkri þátttöku aðila á lands-, svæðis- og staðarvísu til þess að ná markmiðum Evrópu2020-áætlunarinnar.

STRANGARI SKILYRÐI FYRIR STUÐNINGI

Framlög verða skilyrt á næsta tímabili en með því er ætlunin að bæta framkvæmd áætlana og tryggja að fjárstuðningur ESB styðji raunverulega við markmið Evrópu2020-áætlunarinnar. Framlög úr sjóðunum verða bundin annars vegar sk. *ex ante* skilyrðum, þ.e. sem uppfylla verður áður en styrkir eru greiddir út og hins vegar *ex post* skilyrðum um framvindu verkefnis sem verða að vera uppfyllt til þess að lokagreiðsla fáið. Ætlunin er einnig að tengja byggðastefnuna nánar skilyrðum um efnahagsstjórn.

AUKIN NOTKUN FJÁRMÖGNUNARTÆKJA

Ætlunin er að auka notkun fjármögnunartækja í stað, eða samhliða, hefðbundnum styrkjum. Það felur fyrst og fremst í sér meiri áherslu á lánveitingar í stað styrkja, bæði beinar lánveitingar frá lánastofnunum ESB og veitingu ESB ábyrgða gagnvart almennum lánastofnunum í aðildarríkjunum. Ætlunin er að einfalda tækin og gera þau skilvirkari. Tillögur framkvæmdastjórnarinnar fela í sér skýrari laga- og framkvæmdaramma og einfaldari reglur en áður um mikilvæg svið, s.s. fjármálaumsýslu ESB-styrkja og samspil fjármögnunartækja og styrkja.

HEILDSTÆÐ ÁÆTLANAGERÐ OG AÐKOMA SVÆÐA

Framkvæmdastjórnin leggur til heildstæðari áætlanagerð að því er varðar fjárfestingar ESB, þ. á m. almennar fjármálareglur og reglur um styrkhæfi ásamt því að gera aðildarríkjum kleift að sækja um styrki til verkefna sem falla undir fleiri en einn sjóð (ERDF, ESF og Samheldnisjóðinn). Aðildarríki verða hvött til að gera áætlanir sem fá styrki úr mörgum sjóðum í einu (e. multi-fund programmes) á samræmdari hátt, með sameiginlegum ferlum fyrir undirbúning, samningaviðræður, stjórnun og framkvæmd. Tillögur framkvæmdastjórnarinnar fela einnig í sér heildstæða nálgun að því er varðar staðbundna byggðaðþróun. Nálgunin miðar að því að tryggja aðkomu fólks á svæðinu, s.s. sveitastjórnarstigsins og héraða, félagasamtaka, atvinnulífsins og aðila vinnumarkaðarins. Beitt verður sk. LEADER-aðferð sem nýtt hefur verið áður í tengslum við verkefni styrkt af Dreifbýlisþróunarsjóði ESB. Hún hefur m.a. falið í sér að staðbundnir hópar fá styrki til verkefna og hafa ákveðið forræði á því hvernig þeim er ráðstafað (e. Local Action Groups). Sveitarfélög eru yfirleitt lykilaðilar í starfi þessara hópa.

DREGIÐ ÚR SKRIFRÆÐI OG RAFRÆN STJÓRNSÝSLA

Reynt verður að tryggja að umsýslukostnaður sé í réttu hlutfalli við stærð verkefna og skrifræðiskröfur minnkaðar. Markmiðið er að samræma reglur um alla sjóðina, að því marki sem kostur er. Framkvæmdastjórnin telur rafræna stjórnsýslu geta dregið verulega úr skriffinnsku og jafnframt bætt yfirsýn yfir framgang og kostnað verkefna. Aðildarríkjum verður því gert skylt að setja á fót kerfi fyrir árslok 2014 sem gerir styrkþegum kleift að skila öllum gögnum rafrænt.

SKILGREINING SVÆÐA

Öll svæði eiga kost á að sækja um styrki til Byggingaþróunarsjóðsins (ERDF) og Félagsmálasjóðsins (ESF) á næsta tímabili en gerður er greinarmunur á því hvort um **minna þróuð svæði**, **aðlögunarsvæði** eða **þróuð svæði** er að ræða.

- **Minna þróuð svæði:** Þar sem VLF á mann er minni en 75 % af meðaltali ESB-27, stuðningur við þessi svæði er í forgangi.
- **Aðlögunarsvæði:** VLF er á bilinu 75 % og 90 % af meðaltali ESB-27, þessum nýja flokki er ætlað að koma í stað núverandi kerfis „*phasing-in*“ og „*phasing-out*“ svæða.
- **Þróuð svæði:** VLF er meiri en 90 % af meðaltali VLF ESB-27.

Allt bendir til þess að Ísland muni falla undir þriðja flokkinn og myndi því geta sótt í Byggingaþróunarsjóðinn og Félagsmálasjóðinn en ekki Samheldnisjóðinn

BYGGINGAÞRÓUNARSJÓÐURINN (ERDF)

Sjóðnum er ætlað að veita fjárhagslegan stuðning til að styrkja efnahagslega, félagslega og svæðisbundna samleitni; með stuðningi við þróun og endurskipulagningu atvinnuskilyrða, m.a. við uppbyggingu nýrra atvinnuvega í hnignandi iðnaðarhéruðum og á svæðum sem dregist hafa aftur úr. Helstu breytingarnar á sjóðnum á næsta tímabili eru þessar:

- Þróuð svæði munu aðeins geta valið úr takmörkuðum lista forgangssviða sem byggð eru á Evrópu2020-áætluninni.
- Meirihluta styrkjanna verður varið til orkunýtni og verkefna á sviðið endurnýjanlegrar orku, nýsköpunar og stuðnings til lítilla og meðalstórra fyrirtækja – a.m.k. 80% stuðnings til þróaðra svæða og aðlögunarsvæða og a.m.k. 50% stuðnings til minna þróaðra svæða. Tiltekið hlutfall á öllum svæðum er eyrnamerkt fjárfestingum í orkunýtni og endurnýjanlegum orkugjöfum.
- Tiltekin svið verða ekki styrkhæf, s.s. framleiðsla og markaðssetning tóbaksvara og úrelding kjarnorkuvera.
- Tiltekið hlutfall er merkt þéttbýlisþróun og stofnun þéttbýlisþróunarvettvangs þar sem borgir skiptast á reynslu af þéttbýlisþróun.

Sjóðurinn á að styrkja:

- Fjárfestingar, sem stuðla að því að skapa og viðhalda sjálfbærum störfum, með beinum stuðningi við fjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum.
- Fjárfestingar í umhverfis-, samgöngu-, orku- og heilbrigðisinnviðum (e. infrastructure) þó ekki á þróaðri svæðum.
- Fjárfestingar í félags- og menntunarinnviðum.
- Þróun á innri/eigin (e. endogenous) möguleikum svæða, með stuðningi við svæðisbundna

þróun og rannsóknir og nýsköpun: m.a. með fjárfestingum í búnaði og minni innviðum; stuðningi og þjónustu við fyrirtæki, sérstaklega lítil og meðalstór fyrirtæki; stuðningi við opinberar rannsóknar- og nýsköpunarstofnanir (e. bodies) og fjárfestingu í tækni og hagnýtum rannsóknum í fyrirtækjum; tengslamyndun, samstarf og miðlun reynslu milli svæða, bæja, og viðeigandi aðila á sviði félags-, efnahags- og umhverfismála.

- Tæknilega aðstoð.

Sjóðurinn mun þó ekki styrkja fjárfestingar í umhverfis-, samgöngu-, orku- og heilbrigðisinnviðum (e. infrastructure) á þróaðri svæðum en þar getur hinn nýja áætlun, *Connecting Europe Facility*, komið að málum ef verkefni uppfylla tiltekin skilyrði.

Lagt er til að þróuð svæði - sem Ísland myndi teljast til - (með yfir 90% af meðaltali VLF ESB27) nýti sjóðinn aðallega til að styðja verkefni er tengjast:

- Bættari orkunýtni og endurnýjanlegum orkugjöfum (a.m.k. 20%);
- Samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja (a.m.k. 30%) og
- Nýsköpun (a.m.k. 30%).

AUKIN ÁHERSLA Á SVÆÐISBUNDNA SAMHELDNI

Í reglugerðinni um byggðapróunarsjóðinn er að finna sérstök ákvæði sem miða að því að bregðast við tilteknum svæðisbundnum aðstæðum, s.s. um aðgerðir til að stuðla að **sjálfbærri þéttbýlisþróun** og aðgerðir til að styðja svæði sem glíma við **sérstakar náttúrulegar- eða lýðfræðilegar aðstæður**, og **jaðar- og strjálbýl svæði**. Veita skal að lágmarki 5% ERDF-fjármagns til þéttbýlisþróunar og stofnaður verður þéttbýlisþróunarrættvangur (e. Urban Development Platform) til að byggja upp færni og bæta tengslanet borga og miðla reynslu af þéttbýlisstefnu. Aðildarríkjum ber að gera lista yfir borgir þar sem gripið verður til samræmdra aðgerða til að stuðla að þéttbýlisþróun.

Sérstakt aukaframlag stendur jaðar- og strjálbýlum svæðum til boða (926 milljónir evra) en 50% verður að veita til aðgerða sem miða að því að byggja upp nýja atvinnuvegi og stuðla að nútímavæðingu efnahagslífs á jaðarsvæðum, einkum með áherslu á rannsóknir og nýsköpun, upplýsingatækni og nútímavæðingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja á jaðarsvæðum.

FÉLAGSMÁLASJÓÐURINN (ESF)

Fjármagnar meðal annars verkefni sem stuðla að endurmenntun, atvinnusköpun og þátttöku þeirra sem minna mega sín. Helstu breytingarnar á sjóðnum á næsta tímabili:

- Þróuð svæði munu aðeins geta valið úr takmörkuðum lista forgangssviða sem byggð eru á Evrópu2020-áætluninni.
- Ríki verða að tryggja að a.m.k. 25% framlaga til byggðamála á fátækari svæðum komi úr Félagsmálasjóðnum og a.m.k. 52% á þróaðri svæðum.
- Aukin áhersla er á aðgerðir til að minnka atvinnuleysi meðal ungs fólks og til að styðja hópa sem eiga undir högg að sækja, s.s. innflytjendur og jaðarhópa - a.m.k. 20% af stuðningi verður að veita til félagslegra úrræða af þessum toga.
- Aukin þátttaka aðila vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka í framkvæmd stefnunnar - einkum á minna þróuðum svæðum.
- Sérstakur stuðningur við aðgerðir til að stuðla að jafnrétti karla og kvenna og berjast gegn mismunun.


- Framkvæmdastjórnin mun beita sér fyrir fjölþjóðlegu samstarfi og stuðla að félagslegri nýsköpun.
- Einföldun, einkum í tengslum við minni verkefni og áhersla á árangursmiðaða verkefnisstjórnun.

Megináherslan er á stuðning til verkefna sem falla undir eftirfarandi fjögur forgangssvið; 80% af fjármagni á þróuðum svæðum skal veitt til verkefna er:

- Auka atvinnu og hreyfanleika vinnuafls.
- Auka félagslega aðlögun og vinna gegn fátækt (a.m.k. 20% af fjármagni).
- Fjárfesta í hæfni, menntun og símenntun.
- Styrkja stofnanir og auka skilvirkni opinberrar stjórnsýslu (að uppfylltum tilteknum skilyrðum).

Undir hvert forgangssvið munu síðan heyra tilteknar aðgerðir og markmið um niðurstöður/árangur sem aðildarríki verða að setja sér. Lögð er áhersla á að það verði sveigjanleiki til að aðlagða áætlanir að sérstöðu einstakra landa og svæða. Tekið verði tillit til upphafsstöðu, sérstakra áskorana og tækifæra í hverju landi fyrir sig

Tillaga framkvæmdastjórnarinnar að nýju fyrirkomulagi við framkvæmd byggðastefnunnar á þróaðri svæðum:



FJÁRMÖGNUN SAMHELDNISTEFNUNNAR

Í drögum að [fjárlagaramma](#) ESB fyrir 2014-2020 sem birtur var í júní leggur framkvæmdastjórnin til að 376 milljörðum evra verði veitt til samheldnistefnunnar á næsta tímabili:

- €162,6 milljörðum til samleitnimarkmiða - til minna þróaðra svæða,
- €38,9 milljörðum til nýrra svokallaðra „aðlögunarsvæða“ (e. transition regions) (75-90% af ESB VLF),
- €53,1 milljörðum til samkeppnimarkmiða - til þróaðra svæða
- €11,7 milljörðum til svæðasamvinnu,
- €68,7 milljarðar til Samheldnisjóðsins,
- €926 milljónir til jaðar- og strjálbýlla svæða

Að minnsta kosti 25% af fjármagni byggðastefnunnar verður veitt til Félagsmálasjóðsins. Áætlunin gerir einnig ráð fyrir a.m.k. 40 milljörðum evra til nýrrar áætlunar *Connecting Europe* sem ætlað er að styrkja fjárfestingu í samgöngum, orkumálum og upplýsingatækni.

ENDURSKOÐUN LANDBÚNAÐARSTEFNU ESB

Sameiginleg landbúnaðarstefna ESB hefur löngum verið umdeild en sameiginlegur innri markaður, sameiginlegur ytri tollur og sameiginleg fjármögnun liggja henni til grundvallar. Stefnan gerir það að verkum að flytja má landbúnaðarvörur óhindrað innan ESB án þess að á þær séu lagðir tollar og önnur gjöld. Heimilt er að styrkja landbúnað með sértækum aðgerðum ef framkvæmdastjórn ESB metur það svo að stuðningurinn hafi ekki samkeppnishamlandi áhrif, né brjóti í bága við reglur innri markaðarins. Ytri tollur á tiltekna innfluttar landbúnaðarafurðir gerir það að verkum að evrópskur landbúnaður er verndaður fyrir samkeppni frá löndum utan ESB. Landbúnaðarstefnan er fjármögnuð sameiginlega af öllum aðildarríkjum; áætlað er að hver ESB-þegn borgi um 0,30 EUR á dag til stefnunnar.

Framkvæmdastjórnin birti í október 2011 [drög að endurskoðaðri löggjöf um landbúnaðarstefnuna fyrir tímabilið 2014-2020](#). Markmið endurskoðunarinnar er m.a. að landbúnaður í ESB verði umhverfisvænni og skilvirkari og stefnan verði sanngjarnari gagnvart bændum í Austur- og Mið-Evrópu sem til þessa hafa borið skarðan hlut frá borði. Reynt verður að gera styrki markvissari og þeir tengdir skilyrðum í auknum mæli.

Fjárlög ESB til ársins 2020 gera ráð fyrir að um 371 milljarði evra verði ráðstafað til að framkvæma landbúnaðarstefnuna. Þetta nemur 36,2% fjárlaganna en hlutfallið var 39,4% á síðasta tímabili. Enda þótt stórum hluta fjármuna ESB sé enn veitt til landbúnaðarstefnunnar þá hefur þetta hlutfall minnkað jafnt og þétt á síðustu árum. Stærstum hluta fjárisins mun áfram veitt beint til bænda í formi styrkja (meira en 70%) en þak verður sett á hæstu styrkina og krafa gerð um að stundaður sé búskapur. Meðal nýjunga eru hugmyndir um að ungir bændur, sem eru að hefja búskap, fái sérstaka styrki fyrstu fimm búskaparárin. Þá er lagt til að búskapur á harðbýlum svæðum fái viðbótarstyrki umfram þá sem nú eru í boði. Um 20% fjárisins verður veitt til byggðapróunar í dreifbýli. Það sem útaf stendur fer til útflutningsstyrkja til fyrirtækja. Frakkland mun áfram hljóta stærstan hluta styrkjanna (20%), svo Þýskaland og Spánn (13% hvort), Ítalía (11%) og Bretland (9%). Framkvæmdastjórnin hefur þó lagt til að breytingar sem miða að því að hinn nýju aðildarríki hljóti stærri hlut en áður. Núgildandi kerfi byggir á flóknum útreikningum og sögulegum samningnum sem eru hinum eldri ríkjum hagstæðir á kostnað nýju landanna; ætlunin er að hið nýja kerfi jafni leikinn. Sérstök áhersla er lögð á

umhverfismál en allt að 30% fjárins verður veitt til bænda sem hyggjast breyta framleiðslu, hvíla land o.s.frv.

Að vanda er stefnan umdeild en fyrstu viðbrögð bænda voru áhyggjur af auknum skriffinnskukvöðum og að draga eigi úr framleiðslu. Umhverfisverndarsinnar telja aftur á móti að ekki sé gengið nógu langt í umhverfisvernd og aðgerðum gegn loftslagsbreytingum. Í stærra samhenginu eru áhyggjuefni að styrkir til bænda ESB geri þeim kleift að selja vörur sínar undir kostnaðarverði sem bitnar á bændum í fátækari ríkjum heims.

Tillögurnar eru nú til umræðu hjá Evrópuþinginu og aðildarríkjum en gert er ráð fyrir að þær verði samþykktar fyrir árslok 2013.

7. ORÐSKÝRINGAR OG SKAMMSTAFANIR

ACQUIS COMMUNAUTAIRE

Franskt hugtak sem nær yfir allt regluverk ESB.

ÁKVÖRDUN ESB (E. DECISION)

Bindandi – en aðeins gagnvart þeim aðilum sem úrskurðinum er beint að, til dæmis fyrirtæki sem hefur brotið samkeppnislög.

ÁLIT ESB (E. OPINION)

Sjá fyrirsmáli.

COREPER

Skammstöfun fyrir Comité des représentants permanents, þ.e. nefnd fastafulltrúa aðildarríkjanna, sem undirbýr þau mál sem eru til umræðu á fundum Ráðherraráðs ESB

EES-SAMNINGURINN

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) er viðamesti alþjóðasamningur sem Ísland hefur gert. Samningurinn öðlaðist gildi 1. janúar 1994. Að honum standa þrjú EFTA-ríki, annars vegar, Ísland, Liechtenstein og Noregur, og aðildarríki Evrópubandalagsins, hins vegar. Markmið samningsins er að stuðla að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila við sömu samkeppniskilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði. Samstarfið felur í sér frjálsa vöruflutninga, frjálsa fólksflutninga, frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa fjármagnsflutninga eða hið svonefnda fjórfrelsi.

EVROPUDÓMSTÓLLINN (E. COURT OF JUSTICE OF THE EUROPEAN UNION)

Er í Lúxemborg þar sem hann túlkar sáttmála sambandsins og lagasetningu og ráðleggur dómstólum aðildarríkjanna. Dómstóllinn getur fellt dóma í öllum þeim málum er falla undir sameiginlega löggjöf og getur kveðið dóm yfir einstaklingum, fyrirtækjum og ríkjum. 27 dómara sitja í dómstólnum, einn frá hverju aðildarríki, og eru þeir skipaðir til 6 ára í senn. Evrópudómstóllinn hefur gegnt mikilvægu hlutverki í þróun samstarfsins innan ESB og hefur ekki hikað við að beita víðum lögskýringum og vísa til markmiða lagagreina fremur en orðanna hljóðan. Dómstóllinn samanstendur af þremur dómstólum sem hafa frá upphafi kveðið upp samanlagt u.þ.b. 15.000 dóma.

EVROPUSAMTÖK SVEITARFÉLAGA OG HÉRAÐA

Samtökin eru stærstu samtök sveitarstjórnarstigsins í Evrópu. Aðild að þeim eiga yfir 50 landssambönd bæja, sveitarfélaga og héraða frá 39 löndum Evrópu. Samtökin eru í fyrirsvari fyrir um 100.000 sveitarfélög og hérað. Samtökin vinna að framgangi hugsjóna um sameinaða Evrópu sem grundvallist á sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga og héraða og lýðræðislegum gildum. Til þess að ná þessu markmiði leitast samtökin við að hafa áhrif á framtíð Evrópu með því að koma framlagi sveitarfélaga og héraða á framfæri, með því að hafa áhrif á evrópska löggjöf og stefnumótun, og með því að láta sveitarfélög og hérað skiptast á reynslu og stofna til samstarfs milli þeirra og aðila frá öðrum heimshlutum

EVROPUPINGIÐ

Fer með lagasetningarvald ESB ásamt ráðherra-ráðinu. Samþykki Evrópupingsins þarf fyrir skipan nýrrar framkvæmdastjórnar og fyrir fjárlögum ESB. Alls eru 736 þingmenn kosnir til þingsins með beinni kosningu í aðildarríkjunum á fimm ára fresti. Völd þingsins fara eftir þeim málaflokkum sem eru til umræðu en flestar ákvarðanir eru teknar með svokölluðu samákvörðunarferli (e. co-decision procedure). Í slíku ferli hefur Evrópupingið völd til jafns á við ráðherraráðið. Samþykki þingsins þarf fyrir fjárlögum Evrópusambandsins en Evrópupingið hefur nýtt sér völd sín á þessu sviði til að hafa áhrif á alla þá málaflokka sem hafa útgjöld í för með sér. Ekki er unnt að skipa fulltrúa í nýja framkvæmdastjórn né samþykkja aðildarsamning við nýtt aðildarríki án samþykkis meirihluta þingmanna. Á þinginu eru lausbundnar stjórnmalahreyfingar eða stjórnmalahópar þar sem þingmenn frá mismunandi aðildarríkjum starfa saman. Þingið kemur reglulega saman í Strassborg og Brussel.

FASTANEFND EFTA

Skipuð sendiherrum EFTA-ríkjanna innan EES, þ.e. Íslands, Liechtensteins og Noregs. Meginhlutverk nefndarinnar er að samræma afstöðu EFTA-ríkjanna innan EES gagnvart Evrópusambandinu fyrir fundi í sameiginlegu EES-nefndinni. Fastanefndin hittist að jafnaði einu sinni í mánuði. Fimm undirnefndir og fjöldi vinnuhópa eru fastanefnd EFTA til aðstoðar og undirbúa þau mál sem fara til afgreiðslu hjá fastanefnd EFTA og sameiginlegu EES-nefndinni.

FORMENNSKA ESB

Aðildarríki ESB skiptast á að gegna formennsku sambandsins (sjá leiðtogaráðið) í 6 mánuði í senn. Pólverjar tóku við formennsku í júlí 2011, Danir taka við 1. janúar 2012 og Kýpverjar í júlí 2012.

FRAMKVÆMDASTJÓRN ESB (E. EUROPEAN COMMISSION)

Skipuð 27 framkvæmdastjórnarmenn (e. Commissioners) sem fara með framkvæmdavald ESB. Hvert aðildarríki tilnefnir einn fulltrúa, en hver fulltrúi fer með tiltekið málefna svið. Hlutverk framkvæmdastjórnarinnar er tryggja virkni hins sameiginlega markaðar og vernda hagsmunum ESB inn á við, sem og gagnvart öðrum ríkjum og samtökum. Hún setur fram tillögur að nýrri löggjöf er varðar innri markaðinn og tekur þátt í að skapa, framfylgja og hafa eftirlit með ESB-rétti og því að aðildarríkin og aðrir uppfylli þær skuldbindingar sem sáttmálar ESB mæla fyrir um. Framkvæmdastjórnin hefur umboð til samningagerðar við önnur ríki og fjölþjóðleg samtök og kemur fram fyrir hönd aðildarríkjanna í slíkum samningaviðræðum. Forseti er kjörinn til fimm ára og er hann æðsti yfirmaður um 26.000 starfsmanna. José Manuel Barroso hefur gegnt stöðu forseta framkvæmdastjórnarinnar síðan árið 2004.

GRÆNBÓK

Skýrsla framkvæmdastjórnar ESB sem ætlað er kveikja umræðu og vera leiðbeinandi við mótnun nýrrar stefnu á tilteknu sviði. Getur verið undanfari hvítbókar sem leiðir oftast til ESB-gerða.

HÉRAÐANEFNDIN (E. COMMITTEE OF THE REGIONS)

Skipuð fulltrúum bæjar- og héraðsstjórna. Nefndinni er ætlað að tryggja aðkomu héraða og sveitarstjórnarstigsins að ákvörðunartöku ESB á fyrstu stigum. Samráð framkvæmdastjórnarinnar, ráðherra-ráðsins og þingsins er lögbundið á helstu sviðum er snerta byggðamál. Nefndin veitir m.a. umsagnir um lagafrumvörp sem snerta sveitarstjórnarstigið, s.s. tillögur á sviði umhverfismála, menntamála, byggðamála og samgöngumála. Nefndin getur einnig tekið upp mál að eigin frumkvæði. Héraðanefndin hittist fullskipuð (344 fulltrúar) fimm til sex sinnum á ári en auk þess starfa sex fastar undirnefndir sem hittast jafnoft. Fjórar stjórnarmálhreyfingar er að finna í Héraðanefndinni, hinar hefðbundnu evrópsku hreyfingar: European People's Party (EPP), Party of European Socialists (PES), Group of the Alliance of Liberals and Democrats for Europe (ALDE) og Union for Europe of the Nations - European Alliance (UEN-EA). Stjórnarmálaflokkarnir skipa talsmenn en Héraða-

nefndin greiðir kostnað m.a. vegna sérfræðivinnu, ferðalaga o.fl.

HVÍTBÓK

Skýrsla framkvæmdastjórnar ESB sem inniheldur tillögu að aðgerðum á tilteknu sviði. Í hvítbókum er oftast að finna tillögur að nákvæmlega útfærðri stefnu til umræðu og pólitískrar ákvörðunartöku. Hvítbók er einskonar áætlun, sem kemur í kjölfar grænbókar.

INNRI MARKAÐURINN

Settur á fót árið 1992 til að tryggja frjálst vöruflæði, frjálst flæði þjónustu og fjármagns og frjálsa för fólks um allt efnahagssvæðið í opnu samkeppnisumhverfi á EES-svæðinu (ESB27 + Ísland, Noregur og Liechtenstein).

LEIÐTOGARÁÐIÐ (E. EUROPEAN COUNCIL)

Skipað leiðtogum aðildarríkjanna og forseta framkvæmdastjórnarinnar. Leiðtogaráðið er drifkrafturinn í hinu pólitíska samstarfi ríkjanna og útfærir pólitíska stefnu varðandi þróun sambandsins. Leiðtogaráðið hefur ekki löggjafarvald en tekur ákvarðanir í mikilvægustu pólitísku málunum og þar sem viðkomandi ráðherrahópur hefur ekki náð samstöðu. Lissabon-sáttmálinn styrkti stöðu ráðsins sem nú tilnefnir forseta framkvæmdastjórnarinnar og utanríkisráðherra sambandsins. Aðildarríkin skiptast á um að fara með formennsku í 6 mánuði í senn en samstarfið fer fram í gegn um þriggja ríkja samráðs-vettvang; það ríki sem gegnir formennsku hverju sinni starfar með því ríki sem gegndi formennskunni á undan og því ríki sem tekur við. Kjörtímabil forseta ráðsins er tvö og hálf ár; Belginn Herman van Rompuy gegnir nú því embætti.

LÍFFERLISHUGSUN

Nálgun sem stefnir að því að draga úr umhverfis-áhrifum vara yfir allan líftíma þeirra; allt frá hráefnavinnslu og framleiðslu, flutningi og dreifingu og notkun til afdrifa eftir notkun.

RÁÐGJAFARNEFND EES

Ráðgjafarnefnd EFTA og Efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins (EESC) mynda Ráðgjafarnefnd EES. Nefndin er vettvangur aðila vinnumarkaðarins til að fjalla um sameiginlega hagsmunum og úrlausnarefni er tengjast samninginum um Evrópska efnahagssvæðið.

RÁÐGJAFARNEFND EFTA

Samráðsvettvangur heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum, Íslandi, Noregi, Sviss og

Liechtenstein. Nefndinni er ætla að vera EFTA-ríkjunum og stofnunum EFTA til ráðgjafar um þau málefni sem eru á dagskrá hverju sinni. Ísland á fjóra fulltrúa í nefndinni sem koma frá ASÍ og BSRB annars vegar og Samtökum iðnaðarins og Verslunarráði Íslands hins vegar. Auk þess hefur Samband íslenskra sveitarfélaga áheyrnaraðild.

RÁÐHERRARÁÐIÐ (E. COUNCIL OF THE EU)

Skipað ráðherrum aðildarríkjanna. Ráðherraráðið fer með löggjafarvald í ESB ásamt Evrópuþinginu, undirritar samninga við önnur ríki og samtök, samhæfir stefnu og aðgerðir aðildarríkjanna í mörgum málaflokkum og hefur ákveðið framkvæmdavald. Hvert aðildarríkjanna á einn fulltrúa í ráðherraráðinu, óháð íbúafjölda. Samsetning ráðsins fer eftir málaflokkum. Þannig funda landbúnaðarráðherrar um landbúnaðarmál, umhverfismálaráðherrar um umhverfismál o.s.frv. Fundir ráðherraráðsins eru undirbúnir af sérstakri nefnd fastafulltrúa aðildarríkjanna í Brussel (f. Comité des représentants permanents, COREPER), en þar eiga sæti sendiherrar aðildarríkjanna gagnvart ESB. Nefndin hefur sér til aðstoðar um 150 nefndir sérfræðinga frá aðildarríkjunum sem undirbúa þau mál sem liggja fyrir ráðinu. Flest mál eru leyst á fundum COREPER og sérfræðinganeftandanna og kalla því einungis á formlega samþykkt ráðherraráðsins, en þau mál sem ekki tekst að leysa af COREPER eru tekin til umfjöllunar í ráðherraráðinu. Ráðið tekur ákvarðanir ýmist með einróma samþykki (100% atkvæða), auknum meirihluta (73,9%) eða með einföldum meirihluta (51%) eftir því hvaða málefni er til umræðu. Atkvæðavægi ríkja fer eftir stærð þeirra.

REGLUGERÐ ESB (E. REGULATION)

Hefur almennt gildi og bein lagaáhrif í aðildarríkjum án sérstakrar lögfestingar. Reglugerðir eru bindandi löggjöf sem gengur framár öðrum reglum landsréttar sem kunna að vera ósamrýmanlegar henni. Reglugerðir taka eftir atvikum bæði til ESB sjálfs, aðildarríkjanna, einstaklinga og lögaðila og geta veitt þessum aðilum réttindi eða lagt á þá skyldur.

SAMHELDNISTEFNA ESB

Miðar að því að eyða efnahagslegum og félagslegum mun – auka samheldni – milli svæða innan ESB. Svokallaðir uppbyggingarsjóðir: Samheldnisjóðurinn, Félagsmálsjóðurinn og Byggðapróunarsjóðurinn fjármagna þær aðgerðir og áætlanir sem byggðar eru á stefnunni.

STAÐARVAKT

Eins konar bakvakt sem leyst er af hendi á vinnustaðnum, t.d. næturvakt heima hjá fötluðum einstaklingi sem þarfnast ekki endilega aðstoðar á næturnar.

STOFNSÁTTMÁLAR ESB (E. TREATIES)

Bindandi og hafa bein réttaráhrif fyrir öll aðildarríki ESB, t.d. sáttmálinn um starfshætti ESB.

SVEITARSTJÓRNARVETTIVANGUR EFTA

Tók til starfa árið 2010 til að gæta hagsmuna sveitarstjórnarstigsins í EES/EFTA-löndunum gagnvart ESB. Meginmarkmiðið er að tryggja þátttöku sveitarstjórnarmanna í EES-samstarfinu og koma á tengslum við Héraðanefnd ESB en í henni sitja kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnarstigi frá ESB-ríkjunum sem hafa það hlutverk að fjalla um tillögur að evrópskri löggjöf sem varða sveitarstjórnarstigið. Í honum eiga sæti allt að sex kjörnir fulltrúar á frá Íslandi og Noregi. Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og landshlutasamtök sveitarfélaga tilnefna fulltrúa af hálfu Íslands.

TILMÆLI OG ÁLIT ESB (E. RECOMMENDATION/OPINION)

Geta beinst að aðildarríkjum, einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum ESB og er ætlað að hafa áhrif á hegðun þeirra, án þess þó að vera bindandi. Varpa ljósi á viðhorf stofnana ESB hvað varðar skýringu og framkvæmd löggjafar sambandsins og ríkjum ber að taka tillit til þeirra þegar þau skipta máli fyrir túlkun landsréttar.

TILSKIPUN ESB (E. DIRECTIVE)

Einungis beint að aðildarríkjunum, einum eða fleirum. Tilskipun er bindandi fyrir þann sem hún beinist að en aðeins varðandi það markmið sem henni er ætlað að ná. Krefst sérstakra framkvæmdaráðstafana innanlands innan ákveðins tíma eftir samþykkt. Aðildarríkjunum er hins vegar látið eftir að taka ákvarðanir um form og leiðir til þess að ná markmiðum tilskipunar. Aðildarríki bera skaðabótaábyrgð ef tilskipun er ekki innleidd eða ef innleiðing hennar er ófullnægjandi.

PRÓUNARSJÓÐUR EFTA

Komið á fót árið 1994 sem framlagi aðila að EES-samningnum til að auka samleitni í Evrópu, þ.e. til fjármögnunar á umbótum og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem standa illa í efnahagslegu tilliti. Markmiðið er að jafna samkeppnisstöðu aðildarríkja með því að draga úr efnahagslegri og félagslegri misskiptingu innan EES. Sjóðurinn hefur 1,79 milljarða evra til umráða á yfirstandandi styrkjatímabili 2009-2014

8. GAGNLEGIR TENGLAR

Evrópusambandið

Evrópusambandið: www.europa.eu
Leiðtogaráðið: www.european-council.europa.eu
Ráðherraráðið: www.consilium.europa.eu
Evrópuþingið: www.europar.europa.eu
Framkvæmdastjórnin: www.ec.europa.eu
Sendinefnd ESB á Íslandi:
www.eeas.europa.eu/delegations/iceland
Evrópu dómstóllinn: www.curia.europa.eu
Héraðanefndin: www.cor.europa.eu
Upplýsingaveita ESB, Europe Direct:
www.ec.europa.eu/europedirect/
EUR-Lex, Evrópuréttur: www.eur-lex.europa.eu
Pre Lex, ýmislegt í pípunum hjá ESB:
www.ec.europa.eu/prelex/

Formennska ESB 2011

Formennska Ungverjalands vor: www.eu2011.hu
Formennska Póllands haust: www.pl2011.eu

EFTA/EES

EFTA-dómstóllinn: www.eftacourt.int
Eftirlitsstofnun EFTA: www.eftasurv.int
Heimasíða EFTA: www.efta.int

Ráðgjafarnefnd EFTA: <http://efta.int/advisory-bodies/consultative-committee.aspx>
Sveitarstjórnarvettvangur EFTA:
www.samband.is/verkefnnin/althjodamal/sveitarfelog-og-ees/sveitarstjornarvettvangur-efta/
Þingmannanefnd EFTA: <http://efta.int/advisory-bodies/parliamentary-committee.aspx>
Þróunarsjóður EFTA: www.eeagrants.org

Hagsmunasamtök

Evrópusamtök atvinnurekenda í almannþjónustu, CEEP: www.ceep.eu
Evrópusamtök sveitarfélaga og héraða, CEMR: www.ccre.org
Evrópusamtök borga, Eurocities: www.eurocities.eu

Aðrar upplýsingasíður

Upplýsingavefur utanríkisráðuneytisins um aðildarviðræður við ESB: <http://esb.utn.is>
Upplýsingavefur Sambands íslenskra sveitarfélaga um alþjóðamál www.samband.is/verkefnnin/althjodamal
Evrópuvefurinn-upplýsingaveita um ESB og Evrópumál: www.evropuvefur.is
Evrópuvefur Háskólans í Reykjavík: www.ru.is/eui